





Snjóflóð á Íslandi veturinn 2018–2019

Óliver Hilmarsson

Snjóflóð á Íslandi veturinn 2018–2019

Óliver Hilmarsson, Veðurstofu Íslands

Skýrsla nr. VÍ 2019-007	Dags. Október 2019	ISSN 1670-8261	Opin ☒ Lokuð ☐ Skilmálar:
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Snjóflóð á Íslandi veturinn 2018–2019			Upplag: 30
			Fjöldi síðna: 82
Höfundar: Óliver Hilmarsson			Framkvæmdastjóri sviðs: Ingvar Kristinsson
			Verkefnisstjóri: Harpa Grímsdóttir
			Verknúmer: 4351-0-0001
Gerð skýrslu/verkstíg:			Málsnúmer: 2019-0202
Unnið fyrir:			
Samvinnuaðilar:			
Útdráttur: Veturinn 2018–2019 var mildur og snjóléttur, sérstaklega á Vestfjörðum og Norðurlandi en heldur meiri snjór var á Austfjörðum. Fá illviðri gengu yfir landið og aldrei var lýst yfir hættustigi né óvissustigi vegna snjóflóðahættu í byggð. Nánast samfelldur hlýindakafli var frá fyrri hluta desember fram í miðjan janúar en þá kólnaði á ný og snjór fór að safnast í fjöll. Asahláku gerði á Austfjörðum 22.–23. febrúar og féllu fjölmörg krapaflóð þessa daga. Snjódýpt náði hámarki um miðjan mars en vorið kom snemma og víða var orðið snjólaust til fjalla strax um miðjan apríl. Engin snjóflóð voru skráð af mannavöldum eftir 6. apríl sem er nokkuð óvenjulegt. Einn maður hlaut minniháttar meiðsl í snjóflóði og ein manneskja grófst að fullu en var bjargað og varð ekki meint af. Fá snjóflóð féllu á vegi sem Veðurstofan gerir spá fyrir, tvö á veginn um Súðavíkurhlíð, eitt á Siglufjarðarveg og tvö á Ólafsfjarðarveg. Tvö stór snjóflóð féllu á Flateyrarveg og lenti fólk í tveimur bílum í öðru þeirra og í kjölfarið hóf Veðurstofan að gera spá fyrir Flateyrarveg. Lítið tjón hlaut af snjóflóðum þennan vetur en, þó má nefna að lyftuhús skemmdist á skíðasvæðinu í Oddsskarði og krapaflóð í Mjóafirði olli minniháttar vatnstjóni.			
Lykilorð: Snjóflóð, snjóalög, tíðarfar, snjóflóðaaðstæður, snjódýptarmælingar, snjóflóðavakt, snjóflóðahrinur, snjóflóðaannáll, annáll		Undirskrift framkvæmdastjóra sviðs: 	
		Undirskrift verkefnisstjóra: 	
		Yfirfarið af: SG	

Efnisyfirlit

Myndaskrá	6
Töfluskrá.....	6
1. Inngangur.....	7
2. Ársyfirlit ofanflóðavaktar	7
2.1 September	7
2.2 Október	7
2.3 Nóvember	8
2.4 Desember	9
2.5 Janúar.....	10
2.6 Febrúar.....	11
2.7 Mars	12
2.8 Apríl.....	13
2.9 Maí.....	14
2.10 Júní–ágúst	14
3. Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu.....	15
3.1 Skráning snjóflóða.....	15
3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins.....	16
3.3 Óvissustig og rýmingar.....	18
3.4 Snjóflóð á vegi.....	18
3.5 Snjóflóð af mannavöldum	20
3.6 Snjódýptarmælingar	22
4. Helstu snjóflóð vetrarins.....	25
4.1 Selabólsurð í Önundarfirði	26
4.2 Skíðasvæðið í Oddsskarði	28
4.3 Vörðufell í Tindfjöllum	30
4.4 Hóllakotsdalur á Höfðaströnd.....	32
4.5 Sörlagil, Norðfjarðarvegur	34
4.6 Borgeyrará í Mjóafirði.....	35
Heimildir.....	37
VIÐAUKI I. Snjódýptarmælingar	38
VIÐAUKI II. Stærðarflokkun snjóflóða.....	44
VIÐAUKI III. Skráð snjóflóð veturinn 2018–2019	45
VIÐAUKI IV. Skráðar skriður frá sept. 2018 til ágú. 2019.....	78

Myndaskrá

Mynd 1. Vott snjóflóð féll í Strandartindi í Seyðisfirði og yfir veginn um Grenistanga 7. desember. Fleiri snjóflóð féllu á Austfjörðum dagana 6–8. desember	9
Mynd 2. Myndarlegt snjóflóð féll í Mjóageira, skammt utan Dalvíkur, 13. febrúar.	12
Mynd 3. Snjódýpt í Seljalandshlíð í Skutulsfirði veturinn 2018–2019.	23
Mynd 4. Snjódýpt ofan Siglufjarðar veturinn 2018–2019.	23
Mynd 5. Snjódýpt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2018–2019	24
Mynd 6. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.	25
Mynd 7. Veðuraðdragandi snjóflóðsins úr Urðarskál sem fór yfir Flateyrarveg.	26
Mynd 8. Bílarnir tveir sem lentu í flóðinu úr Urðarskál 30. nóvember.	27
Mynd 9. Urðarskál séð frá Holtsbryggju	27
Mynd 10. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Oddsskarði.	28
Mynd 11. Byrjendalyftan í Oddsskarði og útlínur flóðsins sem tók lyftuhúsið.	29
Mynd 12. Lyftuhúsið barst um 70 m með flóðinu.	29
Mynd 13. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Vörðufelli í Tindfjöllum 20. janúar.	30
Mynd 14. Myndin er tekin skömmu eftir að flóð féll úr Vörðufelli í Tindfjöllum.	31
Mynd 15. Einn úr hópnum grófst um 2 metra undir snjó.	31
Mynd 16. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Hólakotsdal á Höfðaströnd.	32
Mynd 17. Horft upp Hólakotsdal.	33
Mynd 18. Þykkt brotstál var rétt neðan við efstu fjallsbrún. Minni flekar losnuðu einnig neðar í gili.	33
Mynd 19. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Oddsskarði.	34
Mynd 20. Veðuraðdragandi krapaflóðsins í Borgeyrará í Mjóafirði	35
Mynd 21. Mikið af aur og grjóti barst með krapaflóðinu í Borgeyrará og fyllti farveginn á eyrinni.	36
Mynd 22. Horft yfir Inn-Þorpið í Mjóafirði og upp í Brekkudal.	36

Töfluskrá

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir gerð frá 1.sept. 2018 til 1.sept. 2019.	16
Tafla 2. Snjóflóð og skriður sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2018 til 1.sept 2019.	19
Tafla 3. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2018–2019	20

1. Inngangur

Annáll þessi nær yfir öll skráð snjóflóð frá 1. september 2018 til 1. september 2019. Flest flóðanna eru skráð af starfsfólki Veðurstofunnar og Vegagerðarinnar og er ljóst að fjölmörg flóð falla á ári hverju án þess að eftir þeim sé tekið eða þau skráð. Allar tölur og talningar á flóðum miðast við ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar þegar annállinn er gefinn út. Einhverjar breytingar gætu orðið eftir útgáfu annáls, t.d. ef fréttist af áður óþekktum flóðum.

Í annálnum er ársyfirlit með tíðarfari hvers mánaðar og samantekt á helstu snjóflóðum og skriðuföllum og öðru er viðkemur störfum Ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Síðan er ýtarlegri samantekt yfir snjóflóð vetrarins, snjóflóðaskráningar og snjódyptarmælingar. Að lokum eru nokkur snjóflóð tekin sérstaklega fyrir og þeim gerð betur skil. Í viðauka III er listi yfir allar snjóflóðafærslur vetrarins sem eru skráðar í ofanflóðagagnagrunn Veðurstofunnar. Myndir sem ekki eru merktar myndatökumanni voru teknar af starfsmönnum Veðurstofunnar.

2. Ársyfirlit ofanflóðavaktar

Í þessum kafla er farið yfir helstu atburði eins og óveður, snjóflóð og skriðuföll, rýmingar og annað sem viðkemur störfum ofanflóðavaktar Veðurstofu Íslands. Hver mánuður er tekin fyrir frá september 2018 til ágúst 2019.

2.1 September

Tíðarfarsyfirlit

September var fremur kaldur á landinu öllu. Norðanáttir voru tíðar um miðjan mánuðinn með rigningu um norðanvert landið en hjartviðri suðvestanlands. Síðasta vikan í september einkenndist af svölum útsynningi og norðanáttum á víxl.

Ofanflóðaatburðir

Grjót hrundi úr Hásteinsgryfju í sunnanverðri Hánni í Vestmannaeyjum laugardaginn 8. september. Grjótið hafnaði á litlum kofa sem hýsir GSM-sendi Vodafone, en rafbúnaður og sendibúnaður skemmdist.

Miklir vatnavextir voru á Ströndum og norðanverðum Vestfjörðum 17–18. september og flæddi Selá í Skjaldfannardal yfir varnargarða og inn á tún. Einnig féllu nokkrar smáskriður í Öndarfirði og Súgandafirði.

Þann 20. kólnaði og tók að snjó á norðanverðu landinu og víða var hvít jörð á láglendi. Fyrstu snjóflóð vetrarins voru skráð þann 21. í Arnfinnsfjalli við Ólafsfjörð og í Stórhólshlíð í nágrenni Dalvíkur. Síðar komu í ljós fjölmörg snjóflóð í þverdölum Skíðadals, sumstaðar úr hverju gili sem hafa líklega fallið seinnipart september eða í byrjun október. Ábúandi á Hnjúki í Skíðadal mundi ekki eftir verri tíð inn til dala á þessum árstíma.

2.2 Október

Tíðarfarsyfirlit

Október var fremur svalur en engin óveður voru í mánuðinum. Það snjóaði í fjöll í flestum landshlutum og nokkur snjóflóð eru skráð.

Ofanflóðaatburðir

Fljótlega eftir að gríðarstór skriða féll í Hítárfjalli 7. júlí komu í ljós sprungur fyrir innan brotsár skriðunnar sem afmörkuðu óstöðuga bergspildu. Lítil bergstykki og skriður hrundu smátt og smátt úr bergspildunni og í byrjun október hafði stærstur hluti þessarar bergspildu hrunið

Lítill snjór var á SV-horninu í byrjun mánaðarins en dagana 6–7. október gerði nokkuð kalda SA-átt með snjókomu til fjalla og féllu nokkur snjóflóð í Bláfjöllum, þar á meðal eitt stórt í Eldborgargili sem náði niður í dalbotninn og annað minna við gönguskíðabrautina í svokölluðum Þrengslum.

Þann 25. féll snjóflóð á veginn um Hrafnseyrarheiði og lokaði honum. Flóðið féll rétt sunnan við háheiðina í Skipadal og var um 15–20 m breitt og 1 m þykkt á veginum. Nokkrir bílar þurftu að bíða á meðan moksturstæki þurfti að koma á staðinn og opna veginn.

2.3 Nóvember

Tíðarfarsyfirlit

Hlýtt var í nóvember á landinu öllu. Fyrri helmingur mánaðarins einkenndist af austanáttum og rigningu í flestum landshlutum en eftir miðjan mánuð tók við hægviðri og kólnaði nokkuð. Í lok mánaðarins gerði NA-hvassviðri með fannfergi norðanlands og mældist t.d. 75 cm snjódýpt á Akureyri þann 30. sem er mesta snjódýpt sem mælst hefur þar í nóvember.

Ofanflóðaatburðir

Minniháttar vatnavextir voru á Austfjörðum þann 10. en allar ár og lækir héldu sér í farvegum sínum og ollu ekki vandræðum.

Þann 11. hrundi mjó ræma úr Dönskutó í Heimakletti í Vestmannaeyjum. Bergstykkið var líklega um 50 metra langt og skall í sjóinn í innsiglingunni með tilheyrandi látum og gusugangi. Fyrir um það bil 40 árum varð mikið hrun úr Dönskutó, mun meira en þetta var.

Þann 13. féll aurskriða ofan við Gróðrarstöðina á Akureyri og flæddi vatn og aur yfir hitaveituvegin og hitaveitulögnina en olli ekki skemmdum á henni. Aur stíflaði niðurföll við Mótörhjolasafnið og Iðnaðarsafnið þannig að allnokkur tjörn myndaðist um tíma. Úrhelli var á Akureyri daginn áður og mældust tæpir 30 mm á sjálfvirku veðurstöðinni á Kársnesbraut.

Helgina 17–18. nóvember rigndi mikið á sunnan- og vestanverðu landinu. Víða mældist úrkoman þessa tvo sólarhringa um og yfir 100 mm og hiti fór vel yfir 10 stig. Snjór til fjalla bráðnaði hratt og mikið vatn var í ám og lækjum, einkum á sunnan- og vestanverðu landinu. Engin teljandi vandræði sköpuðust í þessum vatnavöxtum en í Arnarfirði flæddi Hófsá um tíma yfir Vestfjarðarveg en þar voru vegaframkvæmdir og bráðabirgðabréu vegna Dýrafjarðarganga. Á Ísafirði flæddi lækur neðan Gleðarhjalla yfir Seljalandsdalsveg en olli engum skemmdum. Grjót hrundi á veginum um Súðavíkurhlíð og Eyrarhlíð og nokkrar votar snjóflóðaspýjur féllu í Kirkjubólshlíð í Skutulsfirði. Ein aurskriða er skráð í þessu veðri sem féll skammt frá Austurhlíð í Skaftártungu og fór yfir heimreiðina að bænum.

Eftir 18. nóvember tók við hæglatisveður um land allt með lítilli úrkomu og kólnandi veðri. Síðustu dagana í mánuðinum gerði NA-hvassviðri með snjókomu og skafrenningi á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austfjörðum. Aðfaranótt 29. var kominn þæfingur víða á Norðurlandi og björgunarsveitir þurftu í tvígang að losa fasta bíla milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar. Ólafsfjarðarvegur var opinn fyrir umferð þann 29. en merktur þungfær. Um kvöldið var veginn lokað vegna snjóflóðahættu. Eitt snjóflóð var skráð á milli Dalvíkur

og Ólafsfjarðar en það kom í ljós eftir að veðrinu slotaði og féll í farvegi 39 og fór yfir veginn. Nokkur snjóflóð eru skráð í Eyjafirði og Tröllaskaga þessa daga, flest lítil en eitt meðalstórt sem féll í Staðarbyggðarfjalli í Eyjafjarðardal.

Á Vestfjörðum var veður einnig slæmt þessa daga en þó ekkert aftakaveður og ekki skapaðist hættu í byggð. Lítil úrkoma mældist á Ísafirði og í Súðavík en á Flateyri mældust tæpir 20 mm á tveimur og hálfum sólarhring. Þann 30. klukkan 19:24 barst lögreglunni á Vestfjörðum tilkynning um að snjóflóð hefði fallið á Flateyrarveg og að tvær bifreiðar með fimm einstaklingum hefðu lentu í flóðinu. Bílarnir voru á leið til Flateyrar og tók flóðið fremri bílinn um 20 m niður fyrir veg þar sem hann stöðvaðist á hlið og hálfgrafinn í snjó. Maður, kona og ungabarn komust út úr bílnum um hliðarrúðu og varð ekki meint af. Seinni bíllinn lenti í jaðri flóðsins og ýttist út í vegkant. Vegurinn um Súðavíkurhlið var lokaður vegna snjóflóðahættu eftir miðnætti þann 30. en opnaður á ný daginn eftir en þá höfðu engin snjóflóð fallið á veginn og lítil snjósöfnun í hliðinni. Fá flóð eru skráð í þessu veðri á Vestfjörðum. Fyrir utan flóðið sem féll á Flateyrarveg er vitað um eitt flóð í Skollahvilft ofan Flateyrar, tvö flóð í norðanverðum Súgandafirði og eitt flóð í Kirkjubólshlíð ofan við gámapjónustuna í Funa sem stöðvaðist um 50 m ofan við varnarfleyginn.

2.4 Desember

Tíðarfarsyfirlit

Óvenju hlýtt var í desember og var hiti vel yfir meðallagi í öllum landshlutum. A–NA átt var ríkjandi fyrstu vikuna og fremur svalt en svo hlýnaði um allt land, fyrst með austlægum áttum og síðan SV átt síðustu vikuna.

Ofanflóðaatburðir

Dagana 6–7. desember kom lægð upp að austurströnd landsins með hvassri austlægrí átt og talsverðri úrkomu á Austfjörðum. Nokkra gráðu frost hafði verið á láglendi vikuna áður en svo hlýnaði og úrkoma breyttist úr snjókomu í slyddu og rigningu á láglendi en snjókomu til fjalla. Allmörg snjóflóð féllu þessa daga á Austfjörðum. Snjóflóð féll á skíðasvæðinu í Oddsskarði sem skall á efra lyftuhúsi barnalyftunnar og tók það nokkra tugi metra niður brekkuna. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðið féll og enginn á svæðinu. Snjóflóð féllu úr Strandartindi við Seyðisfjörð og eitt þeirra fór yfir Strandarveg við Grenistanga. Í Norðfirði féllu flóð úr mörgum giljum sem náðu vel út úr gilkjöftum sum hver.



Mynd 1. Vott snjóflóð féll í Strandartindi í Seyðisfirði og yfir veginn um Grenistanga 7. desember. Fleiri snjóflóð féllu á Austfjörðum dagana 6–8. desember, m.a. á skíðasvæðinu í Oddsskarði sem tók lyftuhús byrjendalyftunnar.

8–9. desember kólnaði á landinu en svo hlýnaði aftur þann 10. og hélst hlýtt um land allt það sem eftir var af mánuðinum. Talsvert vatn var í ám og lækjum á Austfjörðum þann 15. eftir miklar rigningar og hlýindi og féllu blautar snjóflóðaspýjur úr nokkrum giljum.

Mikil rigning var á SA-landi og Austfjörðum 18. desember og flæddi lækur yfir Norðfjarðarveg við bæinn Ormsstaði.

Þann 24. barst tilkynning frá ábúendum í Fljótsdal um allstóra aurskriðu sem hafði fallið í vestanverðum Geitdal. Skriðan féll úr fjallinu Hábaulu og náði niður í Geitdalsá.

Einmuna veðurbliða var á landinu seinni hluta desembermánaðar. Sá snjór sem hafði safnast í fjöll um haustið tók upp að miklu leyti og mat á snjóflóðahættu til fjalla metin lítil eða á grænum lit á öllum spásvæðum sem Veðurstofa Íslands gerir spá fyrir. Stutt og meinlaust norðanáhlaup gerði 30. og 31. og féllu þá nokkur snjóflóð á Norðurlandi og á Vestfjörðum

Eftir snjóflóðahrinuna á Austfjörðum 6–7. desember eru fá ofanflóð skráð í mánuðinum.

2.5 Janúar

Tíðarfarsyfirlit

Mikil hlýindi einkenndu fyrri hluta mánaðarins þar sem hiti var langt yfir meðallagi um land allt og snjólétt víðast hvar. Kaldara var seinni hluta mánaðarins og eftir 12. janúar tók vetur aftur við af nánast samfelldum hlýindakafli sem hófst snemma í desember.

Ofanflóðaatburðir

Göngufólk sem var á ferð í myrkri skammt vestan við Siglufjörð þann 4. heyrði miklar drunur í fjöllum og forðuðu sér í burtu. Í vettvangskönnun kom í ljós að talsvert af stóru grjóti hafði hrunið úr Hafnarhyrnu og til norðurs í Hvanneyrarskál.

Lítill snjór var í fjöllum þegar tók að kólna þann 12. Dagana 14–15. janúar var A–NA átt á annesjum norðanlands með eljagangi og skafrenningi í fjöllum. Siglufjarðarvegur var ófær vegna snjóþyngsla þessa daga og þegar vegurinn var opnaður morguninn 16. janúar kom í ljós snjóflóð sem hafði fallið í Mánarskriðum og yfir veginn. Flóðið var um 1,5 m þykkt á veginum og fór niður í fjöru.

Eftir miðjan mánuðinn var kalt á landinu og smátt og smátt bættist snjór í fjöll um land allt. Norðlægar áttir urðu algengari en einnig snjóaði í suðlægum áttum sunnanlands. Snjór safnaðist í gil og lögðir en almennt var snjór með minna móti. Í fjöllum voru grjótharðir harðfennisskaflar undir nýja snjónum og sköpuðust varasamar aðstæður fyrir fjallafólk seinni hluta janúar. Þann 20. setti hópur sem var á fjallamennskunámskeiði af stað snjóflóð í Vörðufelli í Tindfjöllum. Tveir einstaklingar lentu í flóðinu og grófst annar upp að mitti en hinn grófst 2 metra undir snjónum. Allir í hópnum voru með tilheyrandi snjóflóðabúnað (ýli, skóflu og stöng) og tók aðeins örfáar mínútur að grafa báða einstaklingana úr flóðinu og hvorugan sakaði. Lítill snjór var á svæðinu og flekinn ekki stór en landslagsgildra neðan við brekkuna gerði það að verkum að tungan hrannaðist upp.

Þann 23. settu vélsleðamenn af stað allstórt snjóflóð við Jarlhettur. Einn maður barst ásamt sleðanum með flóðinu og virkjaði snjóflóðabakpokann sinn. Sleðinn grófst að hluta en maðurinn endaði á yfirborði flóðsins og sakaði ekki. Premur dögum síðar eða þann 26. féll annað allstórt snjóflóð af stað undan vélsleðum. Þetta flóð féll í gili í SV-hlíðum Laufafells að Fjallabaki og fór niður allt gilið á mikilli ferð. Flóðið var breitt og tungan nokkrir metrar á þykkt ofan í gilinu. Einn sleði grófst að hluta í flóðið en enginn slasaðist.

Síðustu dagana í mánuðinum var NA átt með eljum á Vestfjörðum og Norðurlandi en fá flóð eru skráð og ekki skapaðist nein hætta í byggð.

2.6 Febrúar

Tíðarfarsyfirlit

Fyrri hluti mánaðarins var kaldur og ríkjandi norðlægar áttir en eftir miðjan mánuðinn hlýnaði mikið um allt land með suðlægum áttum og tók mikið upp af snjó.

Ofanflóðaatburðir

Um klukkan 17:00 þann 1. sá vegfarandi snjóflóð koma niður úr Urðarskál sem stöðvaðist á snjóflóðakeilunum um 100 m fyrir ofan Flateyrarveg. NA átt með eljagangi og skafrenningi í fjöllum hafði verið í nokkra daga áður en flóðið féll. Þegar birti til kom í ljós að fleki hafði fallið úr innri hluta skálarinnar.

Norðlægar áttir héldu áfram fyrstu vikuna í febrúar með eljalofti á Vestfjörðum og Norðurlandi en samfelldari snjókomu á Austfjörðum. Dagana 6–10. febrúar bætti í vind og úrkomu og spilltist færð víða þessa daga og allmörg snjóflóð féllu á Austfjörðum, Norðurlandi og Vestfjörðum.

Þann 7. féll flóð í Grænaelli skammt vestur af Reyðarfirði sem fór yfir Þjóðveg 1 og lokaði veginum og daginn eftir féll annað flóð yfir veginn á svipuðum stað. Aðfaranótt þess 9. féll stórt snjóflóð úr Sörlagili og yfir Norðfjarðarveg rétt við gangamunna Norðfjarðarganga. Tunga flóðsins var tæpir 200 m á breidd og fór yfir austurhluta varnargarðsins og ysti hluti tungunnar fór yfir veginn. Flóð féllu einnig í giljum ofan Neskaupstaðar og nokkur flóð féllu í Eskifirði.

Á Vestfjörðum bætti í élin 8. og 9. febrúar en aðeins mældust örfáir mm í úrkomumælum. Um klukkan 9:30 þann 9. barst tilkynning frá lögreglunni á Ísafirði um að snjóflóð hafði fallið úr Urðarskál og yfir Flateyrarveg. Bílar voru beggja vegna flóðtungunnar og komust ekki yfir. Var þetta þriðja stóra flóðið úr Urðarskál þennan vetur og annað flóðið sem fór yfir veginn. Aðeins tvö flóð til viðbótar eru skráð þessa daga á Vestfjörðum, annað í Ytra Bæjargili ofan Flateyrar og hitt á Seljalandsdal.

Síðdegis þann 10. sást að flóð hafði fallið í Gilsfirði ofan við bæinn Gilsfjarðarmúla. Flóðið var breitt og syðsti hluti þess fór yfir veg og stöðvaðist um 80 m frá Gilsfjarðarmúla en bærinn er kominn í eyði. Líklegast er að flóðið hafi fallið 8. eða 9. janúar.

Á Norðurlandi féllu mörg flóð þessa daga, sum hver nokkuð stór og með langt úthlaup. Stórt snjóflóð féll úr Hólakotsdal, utan við Hof á Höfðaströnd í Skagafirði 9. eða 10. febrúar. Flóðið breiddi úr sér á aurkeilunni undir farveginum og náði niður til móts við frístundahús sem þar stendur utar á keilunni. Nokkur minni flekaflóð féllu í Fljótum og Óslandshlíð og stórt flóð féll í Klofagili í Öxnadal. Nokkur flóð féllu þar að auki í Hörgárdal.

Um morguninn 9. febrúar kom frétt um tæplega árgamla tík, þotu, sem lifði af sex sólarhringa grafin undir snjó skammt frá bænum Hallkelsstöðum í Hnappadal. Eigendur tíkurinnar höfðu gefið upp alla von eftir að hún skilaði sér ekki heim og mikil leit gerð í nokkra daga á eftir. Sex dögum síðar skilaði þota sér heim, mögur og svöng. Kom þá í ljós að hún hafði náð að grafa sig úr litlu snjóflóði.

Dagana 11–13. hvessti með suðlægum áttum og hlýnaði á landinu. Hiti fór þó ekki mikið yfir frostmark á Norðurlandi og þar snjóaði í fjöll með talsverðum skafrenningi. Nokkur myndarleg flekaflóð féllu þessa daga á Tröllaskaga m.a. stórt flóð í Mjóageira skammt norðan Dalvíkur. Á Austurlandi hlýnaði meira og þar fór hiti vel yfir 5 stig á mörgum stöðum. Þann 12. féll snjóflóð á veginn um Kambanesskriður, milli Stöðvarfjarðar og Breiðdalsvíkur. Flóðið var um 3 metrar á þykkt á veginum þar sem það var þykkast.



Mynd 2. Myndarlegt snjóflóð féll í Mjóageira, skammt utan Dalvíkur, 13. febrúar. Flóðið er það lengsta í þessum farvegi frá árinu 2000.

Dagana 17–18. febrúar var NA-hvassviðri með snjókomu og vetrarveðri um norðanvert landið en svo snerist vindur til suðlægra átta það sem eftir var af mánuðinum og hlýnaði mikið um allt land.

Asahláku gerði á sunnanverðum Austfjörðum og SA-landi dagana 22–23. febrúar, þegar hiti fór hátt í 10 stig í SA-hvassviðri og rigningu. Nokkur snjór hafði safnast í fjöll og féllu víða krapaflóð, m.a. í Fáskrúðsfirði, Reyðarfirði, Fagradal, Eskifirði, Norðfirði og Mjóafirði. Krapaflóðið sem féll í Mjóafirði kom niður Borgareyrará í Brekkudal og flæddi vatn, aur og drulla m.a. inn í bílskúr austan ár og í kjallara í Sandhúsi sem er nú sumarhús. Stórt krapaflóð féll í þessum farvegi 29. janúar árið 1956 sem drap búfenað og eyðilagði fjárhús, geymslu, vörubíl og fleiri tæki.

Annað sunnan hvassviðri með hlýindum og rigningu gekk yfir Austurland 25–26. febrúar en ekki fréttist af mörgum snjóflóðum í því veðri enda snjór í fjöllum búinn að sjatna mikið í veðrinu 22–23.

2.7 Mars

Tíðarfarsyfirlit

Norðaustlægar áttir voru ríkjandi fyrri helming mánaðarins en sá seinni einkenndist af suðvestlægum áttum. Það hlýnaði um miðjan mánuðinn og aftur 25–27. mars en almennt var fremur svalt og hiti undir meðallagi síðustu 10 ára.

Ofanflóðaatburðir

Rólegt var á vaktinni fram yfir miðjan mánuðinn, engin óveður fyrir utan stutt NA-áhlaup á Austfjörðum þann 12. Ekki skapaðist nein hætta í byggð en nokkur snjóflóð féllu ofan Neskaupstaðar sum hver nokkuð efnismikil. Nokkrar votar spýjur féllu einnig í Seyðisfirði.

Helstu tíðindi í ofanflóðamálum voru flóð af mannavöldum á Tröllaskaga og á hálendinu. Skíðamaður setti flekaflóð af stað 2. mars í norðurhlíðum Mannshryggs í Hlíðarfjalli. Þann 5. settu vélsleðamenn flekaflóð af stað í Karlsárdal sem fór af stað rétt eftir að annar af þremur vélsleðum kom upp bratt gil og upp á fjallsbrún. Einn maður á sleða neðar í brekkunni náði með naumindum að aka frá megin flóðtungunni en barst stuttan spöl með flóðinu án þess að grafast. Nokkrir litlir flekar féllu undan skíðamönnum á utanverðum

Tröllaskaga 8. og 9. mars og þann 10. féllu flóð undan vélsleðum og jeppa á Syðra Fjallabaki. Engan sakaði í þessum flóðum.

Þann 13. óskuðu tveir erlendir skíðamenn aðstoðar lögreglu eftir að þeir lentu í snjóflóði framarlega í Eyjafjarðardal. Bar flóðið annan manninn austur yfir Eyjafjarðará þar sem hann festist í flóðinu. Í kjölfarið komst hinn maðurinn yfir á snjóbrú og aðstoðaði félagan sinn úr flóðinu en skömmu seinna ruddi áin sig. Mennirnir sluppu ómeiddir úr flóðinu en voru orðnir strandaglópar fyrir austan á og kölluðu eftir hjálp.

Þann 18. hlýnaði með rigningu sunnan- og vestanlands og fór hiti í nokkrar gráður til fjalla. Seinnipartinn sama dag féll vott snjóflóð á veginn um Hrafnseyrarheiði, rétt norðan við háheiðina þar sem vegurinn liggur niður fjallshlíðina að Önundarfirði. Vegurinn hafði verið ruddur vegna framkvæmda í Dýrafjarðargöngum og var greiðfær en merktur lokaður með slá yfir hluta vegarins. Ferðamenn óku framhjá slánni og ætluðu áfram suður en þurftu að snúa við vegna snjóflóðs sem lokaði veginum upp á Dynjandisheiði. Fólkið þurfti því að snúa við og á leiðinni til baka niður af Hrafnseyrarheiði hafði snjóflóð fallið í millitíðinni og lokaði veginum. Þeir hringdu eftir hjálp og kom Björgunarsveitin á Þingeyri og aðstoðaði þau yfir flóðið og til byggða.

Um kvöldið þann 20. var NV-stormur með hríðarveðri á norðanverðum Vestfjörðum. Veðrið stóð stutt yfir og var að mestu gengið niður morguninn eftir. Veginum um Súðavíkurhlíð var lokað uppúr miðnætti vegna snjóflóðahættu en um klukkan 6:30 barst tilkynning um að snjóflóð hefði fallið yfir veginn og að flutningabíll biði við flóðið. Vegurinn var opnaður aftur fyrir umferð 7:45 og var þá veðrið gengið niður og almennt lítill snjór í giljum á Súðavíkurhlíð.

22. febrúar fór kröpp og djúp lægð norður með austurströnd landsins. Lægðin fór hratt yfir og var vonskuveður á Norðurlandi um tíma en mun skaplegra annars staðar á landinu. Það byrjaði að hvesa með SA-átt en strax um morguninn hafði vindur snúist í norðan storm með hríðarveðri á Norðurlandi. N–NV stormur og vonskuveður hélt áfram fram eftir degi en svo tók að lægja um kvöldið. Daginn eftir bætti aftur í vind með hvassri SV-átt með miklum skafrenningi til fjalla. Siglufjarðar- og Ólafsfjarðarvegur voru lokaðir þann 22. á meðan veðrið gekk yfir og ekkert ferðaveður. Ekki skapaðist þó nein hætta í byggð í þessu veðri og fá flóð eru skráð. Stórt flekaflóð féll hinsvegar í brún Hlíðarfjalls ofan Strýtulyftu. Flóðið var um 500 m breitt og náði tungan niður yfir troðna leið út í Suðurdal. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðið féll en það hefur líklega fallið um morguninn 23. þegar skóf hressilega fram af fjallsbrúninni í SV átt.

Næstu daga á eftir féllu nokkur flekaflóð á Tröllaskaga undan skíðamönnum og vélsleðamönnum. Sum flóðin fóru af stað sem fjarbrot og brotnuðu flekarnir á lagmótunum við hjarnið sem myndaðist í hlýindum 18. febrúar. Þann 25. hlánaði um allt land og svo kólnaði með SV éljagangi það sem eftir var mánaðarins.

2.8 Apríl

Tíðarfarsyfirlit

Óvenju hlýtt var á landinu öllu í apríl og voru hitamet slegin á allmörgum veðurstöðvum. Apríl var sá hlýjasti frá upphafi mælinga í Reykjavík, Stykkishólmi, Bolungarvík, Grímsey, á Akureyri og á Hveravöllum. Suðaustlægar áttir voru ríkjandi og þurrt og hjart norðanlands en blautara syðra.

Ofanflóðaatburðir

Lítið var um illviðri í apríl og fá ofanflóð skráð. Norðanátt og eljagangur var fyrstu tvo dagana en svo hlýnaði þann 3. á landinu öllu og hélst hlýtt út mánuðinn. Frostlaust var meira og minna á láglendi og hiti fór oft yfir 10 stig.

Aðfaranótt 2. apríl féll snjóflóð í Fjargili og lokaði veginum um Súðavíkurhlíð. Norðan hvassviðri og eljagangur hafði verið á Vestfjörðum frá kvöldinu áður en lítil úrkoma mældist á Ísafirði og í Súðavík.

Þann 2. setti maður á fjallaskíðum af stað snjóflóð í Sandfelli í Örfælasveit. Maðurinn hafði skinnað áleiðis upp fjallið meðfram bröttu gili til að forðast snjóflóðabrekkur. Þegar hann fíkraði sig inn í gilið til að komast fram hjá klettanibbu féll um 50–70 m breitt flekaflóð undan honum. Maðurinn barst með flóðinu um 100 m niður fjallið og endaði í jaðri þess án þess að grafast. Hann hlaut minniháttar meiðsl á ökla og olnboga. Sama dag setti skíðamaður af stað lítinn fleka utan við troðnar brekkur á skíðasvæðinu í Tungudal á Ísafirði. Flóðið var lítið og hefði ekki getað grafið mann en svæðið þar sem flóðið féll var lokað af í kjölfarið.

Þann 6. féllu þrjú flekaflóð undan vélsleðum á Tröllaskaga. Í Strangalækjarskál í Skíðadal settu sleðamenn af stað um 200 m breitt flóð en náðu að aka út úr flóðinu. Í Kálfsárdal féll lítið flekaflóð undan vélsleða og virkjaði ökumaður sleðans loftpúðapoka sinn og sakaði ekki. Þriðja flóðið sem vélsleðamenn settu af stað var allstórt og féll í Hvarfdal suður af Lágheiði.

Mjög hlýtt var um miðjan mánuðinn og einnig síðustu dagana þegar hiti fór yfir 14 stig á Vestfjörðum og Norðurlandi. Í lok apríl hafði mikinn snjó tekið upp til fjalla eftir hlýindin og ekki voru fleiri snjóflóð skráð af mannavöldum þennan vetur eftir flóðin 6. apríl.

2.9 Maí

Tíðarfarsyfirlit

Maí var nokkuð hlýr og sólríkur um vestanvert landið á meðan svalara var norðan- og austanlands. Norðaustlægar áttir voru ríkjandi og þurr var um allt land. Lítill snjór var í fjöllum víðast hvar í maí eftir bæði snjóléttan vetur og hlýtt vor.

Ofanflóðaatburðir

Fá ofanflóð voru skráð í mánuðinum. Sólbráð og hlýindi komu af stað votum lausaflóðum á Tröllaskaga og þann 20. hrundi grjót úr hömrum í Herjólfssdal í Vestmannaeyjum sem stöðvaðist rétt ofan við gistiskála í dalnum.

2.10 Júní–ágúst

Tíðarfarsyfirlit

Júní var mjög þurr um land allt. Á Suður- og Vesturlandi var víða nánast óslitinn þurrkur í hátt í fjórar vikur frá síðari hluta maí og fram í júní. Í júlí var úrkoma hinsvegar nærri meðallagi á Suður- og Vesturlandi en yfir því norðaustanlands.

Ofanflóðaatburðir

Engar skriður voru skráðar í júní og júlí fyrir utan eitt minniháttar grjóthrun í fjallinu Erni við Bolungarvík.

Dagana 9–12. ágúst kom lægð austur úr hafi með N–NV hvassviðri og mikilli rigningu á Norður- og Norðvesturlandi. Spálíkön dagana áður gáfu til kynna að veðrið gæti orðið

áþekkt vatnsveðrinu í ágúst árið 2015 þegar skriður lokuðu Siglufjarðarvegi og vatn flæddi inn í hús á Siglufirði. Það byrjaði að hvesa og rigna þann 9. en mesta ákefðin var þann 11. og fram að hádegi þann 12. Upp úr klukkan 14:00 þann 12. kom tilkynning um jarðvegs-skriðu við Skriðuland í Hörgárdal og litlu seinna féllu tvær jarðvegsskriður til viðbótar norðan við Reistará og ofan við Kjarna. Mikill vöxtur var í ám og lækjum við Ólafsfjörð og Siglufjörð og flæddi vatn inn í nokkur hús á Siglufirði. Nokkrar smáar skriður féllu skammt suður af Siglufirði, í Hjaltastaðarfjalli í Skagafirði og í Vatnsdal í Austur Húnavatnssýslu. NA áttin hélt áfram næstu daga á eftir og helgina 17–18. ágúst spáði mikilli rigningu á norðanverðum Austfjörðum. Minni úrkoma mældist þó í sjálfvirkum mælum Veðurstofunnar en spárnar gerðu ráð fyrir og ekki fréttist af neinum skriðuföllum þessa daga.

Þann 19. meiddust tveir ferðamenn eftir að hafa orðið fyrir grjóthruni í Reynisfjöru. Svæðið var lokað fyrir umferð gangandi fólks í kjölfarið en morguninn eftir féll stór skriða úr fjallinu á sama stað og grjóthrunið daginn áður. Hrunið þann 19. var ekki ólíkt hruni sem varð í fjallinu árið 2005 en heldur stærra. Fjöldi ferðamanna heimsækir Reynisfjöru á degi hverjum og má telja mikið mildi að og e.t.v. lokunum að þakka að ekki hafi orðið slys á fólki.

3. Snjóflóðayfirlit og vöktun snjóflóðahættu

3.1 Skráning snjóflóða

Frá 1.september 2018 til 1. september 2019 eru skráð 454 ofanflóð í ofanflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands. Þar af voru 425 snjóflóð og 29 skriðuföll. Í sumum tilfellum geta verið nokkur snjóflóð í sömu skráningunni en þetta á sérstaklega við um litlar spýjur og ómerkileg flóð. Útlínur eru teiknaðar fyrir stærri og merkilegri flóð ef nægar upplýsingar eru til um flóðið. Ef ástæða þykir til eru flóð GPS mæld en útlínur geta einnig verið unnar útfrá ljósmyndum, eða minni þess sem sá flóðið. Yfirleitt eru ekki teiknaðar útlínur á flóðum sem eru minni en 2 á stærð (sjá viðauka II fyrir útskýringar) nema það teljist sérstakt á einhvern hátt. Veturinn 2018–2019 voru teiknaðar útlínur fyrir 126 snjóflóð. Tafla 1 sýnir heildarfjölda ofanflóða þennan vetur og eru þau flokkuð eftir tegund.

Tafla 1. Fjöldi skráðra ofanflóða eftir gerð frá 1.sept. 2018 til 1.sept. 2019.

Tegund	Fjöldi
Snjóflóð	45
Þurrt flekahlaup	217
Vott flekahlaup	39
Þurrt lausasnjóflóð	22
Vott lausasnjóflóð	55
Krapaflóð	21
Flekahlaup	22
Lausasnjóflóð	4
Skriða	7
Aurskriða	4
Grjóthrun	10
Jarðvegsskriða	8

3.2 Snjóflóðahrinur vetrarins

Í gagnagrunn Veðurstofunnar eru skilgreindar hrinur snjóflóða þegar ástæða þykir til. Þá er átt við mörg snjóflóð sem falla í sama veðrinu, stundum yfir nokkurra daga tímabil og yfirleitt í sama landshlutanum. Þennan vetur voru skráðar 9 snjóflóðahrinur.

Skíðadalur 18.9–6.10.2018

N- og A-lægar áttir með snjókomu til fjalla en yfirleitt rigningu í byggð. Talsverður snjór kom mjög snögglega 18.9. sem var blautur og settist að. Veður var mjög vont 4.10. og kom þá talsverður snjór. Fjölmörg snjóflóð féllu á nokkurra vikna tímabili á þverðölum Skíðadals, sumstaðar úr hverju gili.

Tröllaskagi 20–24.9.2018

NA-átt og rigning var 18–19.9. en snjókoma efst í fjöllum. Dagana á eftir kólnaði með N–NV átt. 120 mm úrkoma var í Ólafsfirði 20–21.9. í NNV strekkingi en mun minni úrkoma innantil á Tröllaskaga. Á Dalvík var mikil og samfelld úrkoma alla dagana og snjólína í 100 m hæð. Þann 24.9. hlýnaði með SV-strekkingi. Minniháttar snjóflóð féllu í Ólafsfirði, Dalvík og á Galmaströnd. Tveir flekar runnu á auðri jörð.

Bláfjöll 6/7.10.2018

Talsverð snjókoma var í SA-átt í Bláfjöllum seinnipart 6.10. Frá klukkan 12:00 til 19:00 mældust 30 mm í sjálfvirka úrkomumælinn í Bláfjöllum. Hiti fór úr -7 gráðum um kvöldið þann 5.10 og uppí frostmark seinnipart 6.10. N–NA átt var dagana fyrir flóð en snerist í SA 10–20 m/s um miðjan dag þann 6.10. Um kvöldið þann 6. datt vindur niður og var hæg suðlæg átt með smá úrkomu fram að hádegi daginn eftir. Margar spýjur og lítil snjóflóð féllu í Bláfjöllum. Stórt snjóflóð féll í Eldborgargili sem náði niður í dalbotninn og snjóflóð féll í Þrengslunum.

Norðanverðir Vestfirðir 30.11.2018

NA-hvassviðri með dimmum eljum var 28–30.11. en lítil úrkoma mældist á Ísafirði og í Súðavík. Mun meiri snjór kom í Önundarfirði og sérstaklega í Selabólsurð. 20 mm mældust á Flateyri þessa daga. NA 20 m/s voru á Þverfjalli og talsverður skafrenningur í fjöllum. Fá snjóflóð eru skráð en stórt snjóflóð féll yfir Flateyrarveg í Selabólsurð sem tók tvo bíla með farþegum. Snjóflóð féllu í Skollahvilt, ofan við Funa í Engidal og í Súgandafirði.

Austfirðir, Norðfjörður og Seyðisfjörður 6–8.12.2018

Lægð kom upp að austurströnd landsins 6. desember með hvassri A–ANA átt og var slydda/rigning á láglendi en snjókoma til fjalla. Á Seyðisfirði var sólhringsúrkoma frá hádegi þann 6. til hádegis þann 7. um 130 mm og í Neskaupstað var hún um 90 mm. Vindur á Fjarðarheiði fór í ANA 20 m/s á þessu tímabili. Mun minni úrkoma var á sunnanverðum Austfjörðum. Allmörg snjóflóð féllu þessa daga á Austfjörðum, m.a. á skíðasvæðinu í Oddsskarði sem skall á efra lyftuhúsi barnalyftunnar og tók það nokkra tugi metra niður brekkuna. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðið féll og enginn á svæðinu. Snjóflóð féllu úr Strandartindi við Seyðisfjörð og eitt þeirra fór yfir Strandarveg við Grenistanga. Í Norðfirði féllu flóð úr mörgum giljum sem náðu vel út úr gilkjöftum sum hver.

Austfirðir 7–10.2.2019

Þann 6. febrúar snerist vindur úr A- í NA-átt. NA-átt var dagana 7–10. febrúar og hiti í kringum frostmark á láglendi. Það snjóaði í byggð og færð spilltist víða. Úrkoma í Neskaupstað frá 6. til 10. var um 50 mm og vindur á Fjarðarheiði þessa daga var NA 10–18 m/s. Stórt snjóflóð féll í Sörlagili og á varnargarðinn við gangamunna Norðfjarðarganga. Ysti hluti tungunnar fór yfir veginn. Tvö snjóflóð féllu úr Grænaelli yfir Þjóðveg 1 í Fagradal. Snjóflóð féllu í Norðfirði ofan Neskaupstaðar og einnig í Eskifirði.

Tröllaskagi, í Skagafirði og Eyjafirði 8/10.2.2019

Hvöss A–NA átt var frá 8. til 10. febrúar með dimmum eljum á köflum. Vindur fór yfir 20 m/sek á Bæjarfjalli og víða á Vegagerðarstöðvum á svæðinu og frost var um og yfir mínus 10 °C. Dagana á undan var búinn að vera NA-éljagangur. Lítil snjór var víða á svæðinu en talsverðan snjó setti ofarlega í upptakasvæði fjallshlíða og gilja í hvassviðrinu. Stór snjóflóð féllu á Höfðaströnd í Skagafirði og nokkur minni í Fljótum og Óslandshlíð. Stórt flóð féll í Öxnadal (Klofagili) og nokkur minni einnig í Hörgárdal.

Tröllaskagi, Svarfaðardalur og Gálmaströnd 12–14.2.2019

Um hádegi þann 12. febrúar gekk í SV-skafrenning með svolítilli úrkomu til fjalla en ekki á láglendi. Hiti var um eða yfir frostmarki í byggð en frost ofar. Hugsanlega einhver SA-læg átt líka. Nokkur flekaflóð eru skráð á Gálmaströnd, Svarfaðardal og í nágrenni Dalvíkur. Flekahlaup féll úr Mjóageira sem er það lengsta frá árinu 2000.

Austfirðir 23.2.2019

Fyrri hluti febrúarmánaðar var kaldur á Austurlandi með NA-lægum áttum. Talsverður snjór var í fjöllum og einnig á láglendi sumstaðar. Talsverð úrkoma var þann 20. þegar hitastig var enn í kringum frostmark á láglendi og snjóaði þá til fjalla en slydda var í byggð. Þann 21. hlýnaði mikið og fór hiti víða í um og yfir 10°C. Með hlýndunum breyttist úrkoman í rigningu og aðfaranótt 23. febrúar var talsverð úrkoma á öllu Austurlandi. Á 12 klst. mældist um 75 mm á Fáskrúðsfirði, um 40 mm á Eskifirði og 25 mm í Fagradal. Þann 23. féllu mörg krapaflóð á Austfjörðum. Úrkoman hélt áfram fram eftir degi það sem leið á daginn og á

meðan hrinu stóð, þó í talsvert minna magni. SA-átt var í Fljótsdal, en breytileg austanátt í fjörðunum. Snjógrýfja sem tekin var 20 dögum fyrir hrinu, sýnir veikleika í 12 cm og 44 cm.

3.3 Óvissustig og rýmingar

Veturinn 2018–2019 var sérstakur að því leyti að aldrei var lýst yfir óvissustigi né hættustigi vegna snjóflóðahættu í byggð. Veturinn var almennt mildur og ekki mikið um illviðri með mikilli snjósöfnun. Hlýindakafar og lítil snjósöfnun gerðu það að verkum að snjór var með allra minnsta móti í fjöllum þennan vetur.

3.4 Snjóflóð á vegi

Í gagnagrunni Veðurstofunnar er skráð að ofanflóð loki vegi ef það fellur yfir þjóðveg eða aðra vegi og vegslóða sem almenningur notar til að komast á milli staða. Ofanflóð sem falla á vegi og vegslóða sem eru ekki í almennri notkun fá ekki þessa merkingu í gagnagrunninum.

Snjóflóðavakt Veðurstofunnar hefur undanfarin ár gert snjóflóðaspá fyrir þrjá vegi á landinu en það er vegurinn um Kirkjubóls- og Súðavíkurhlíð milli Ísafjarðar og Súðavíkur, Siglufjarðarvegur og Ólafsfjarðarvegur. Þann 11. febrúar bættist Flateyrarvegur við en hann tengir Flateyri við Vesturlandsveg. Flateyrarvegur liggur undir nokkra snjóflóðafarvegi en þar ber helst að nefna Selabólsurð undir Urðarskál. Snjóflóðakeilur og skápur ofan við veginn geta stöðvað smærri flóð úr í farveginum en Urðarskál er þekkt fyrir mjög stór flóð sem geta farið langt yfir þessi varnavirki, yfir veg og í sjó fram. Þann 30. nóvember kom flóð úr Urðarskál sem skall á tveimur bílum og tók annan bílinn um 20 m niður fyrir veg. Fyrsta febrúar stöðvaðist flóð á keilunum fyrir ofan veginn og nokkrum dögum seinna eða þann 9. kom annað stórt flóð sem fór yfir veginn og niður í fjöru.

Talsverð umferð fólks til og frá vinnu og annarra erinda, er um þessa fjóra vegi og eru snjóflóðaspárnar gerðar fyrir Vegagerðina sem metur í framhaldi af því hvort gripið er til ráðstafana. Einungis tvö flóð féllu á veginn um Súðavíkurhlíð en algengt er að nokkrir tugir flóða falla á veginn hvern vetur. Eitt flóð féll á Siglufjarðarveg í Mánarskriðum sem er vestast á spásvæðinu en mun algengara er að flóð falli á veginn innan og utan við Strákagöng. Á Ólafsfjarðarveg féllu þrjú snjóflóð.

Alls voru skráð 22 snjóflóð og 3 skriðuföll sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2018 til 1.sept 2019 og í töflu 2 má sjá lista yfir þessi ofanflóð í réttri tímaröð. Nánari upplýsingar um flóðin eru einnig í viðauka III og IV.

Tafla 2. Snjóflóð og skriður sem féllu á vegi landsins frá 1.sept 2018 til 1.sept 2019 ásamt breidd og þykkt ofanflóðs á vegi. Skriðuföll eru stjörnumerkt. Flóð 55137 í Álftafirði (Helgafellssveit) var skriðublandað krapaflóð

Númer	Dagsetning	Farvegur	Breidd (m)	Þykkt (m)
55002	25.10.2018	Hrafnseyrarheiði, Arnarfjarðarmegin	20	1
54844*	17.11.2018	Skaftártunga	-	-
54839	30.11.2018	Ólafsfjarðarvegur farv. 39	50	0,1
51804	30.11.2018	Selabólsurð, undir Urðarskál	150	0,5
54862	7.12.2018	Grenistangi	50	4
54857	15.1.2019	Mánarskriður	-	1,5
54925	4.2.2019	Hvalnes- og Þvottárskriður	-	-
54926	4.2.2019	Hvalnes- og Þvottárskriður	-	-
54940	7.2.2019	Grænafell	-	-
54941	8.2.2019	Grænafell	-	-
54954	2019.2.8	Gilsfjörður, norðanverður	-	-
54938	9.2.2019	Sörlagil	60	1
54937	9.2.2019	Selabólsurð, undir Urðarskál	250	0,5
54959	12.2.2019	Kambanesskriður	50	1,5
55018	17.2.2019	Raknadalshlíð	-	0,3
55004	18.2.2019	Ólafsfjarðarvegur farv. 37	20	2
55013	18.2.2019	Ólafsfjarðarvegur farv. 35	30	-
55040	21–23.2.2019	Dalaskriður	-	-
55037	23.2.2019	Brekkudalur	-	-
55107	18.3.2019	Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	150	1
55119	21.3.2019	Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	-	-
55137	25.3.2019	Helgafellssveit	10	-
55159	2.4.2019	Súðavíkurhlíð, Fjargil (vegagerðarfarvegur 21)	10	1
55196*	26.4.2019	Hvestunúpur	-	-
55242*	12.8.2019	Árnes á Ströndum	-	-

3.5 Snjóflóð af mannavöldum

Veturinn 2018–2019 voru skráð 33 snjóflóð af mannavöldum. Fimm flóð voru skráð frá byrjun janúar til loka febrúar en svo féllu flest flóðin í mars. Fimm flóð til viðbótar féllu í apríl og ekkert flóð af mannavöldum var skráð í maí. Veturinn 2017–2018 voru næstum tvöfalt fleiri flóð skráð af mannavöldum en þá féllu mun fleiri flóð í apríl og einnig langt fram í maí. Fá flóð í apríl og engin í maí þennan vetur má líklega skýra með því hve milt var og lítið bætti á snjó síðla vetrar. Snjórinn sjatnaði smátt og smátt og var almennt stöðugur á þeim tíma sem margt fólk fer til fjalla að stunda útivist.

*Tafla 3. Snjóflóð af mannavöldum veturinn 2018–2019. **St:** Stærð snjóflóðs á skalanum 1–5. **Ors:** Orsök snjóflóðs (G: Göngumaður; S: Skíðamaður V: Vélsleði, T: Snjótroðari, J: Jeppi, M: Af mannavöldum/ótilgreint). **Hæð:** Upptakahæð snjóflóðs (m y.s.). **Vh:** Viðhorf hliðar sem snjóflóðið féll í, þ.e. í hvaða átt hliðin snýr (N, NA, A, SA, S, SV, V, NV)*

Nr.	Dags.	St.	Ors.	Hæð	Vh.	Lýsing
54885	20.1.2019	1,5	T	-	V	Lítið flóð fór af stað undan troðara á skíðasvæðinu í Oddsskarði. Flóðið fór af stað rétt neðan við efsta lyftumastur í A-viðhorfi.
54911	20.1.2019	2	M	800	SA	Snjóflóð féll í Vörðufelli í Tindfjöllum. Flóðið fór af stað sem fjarbrot þegar hópur fólks á fjallamennskunámskeiði gekk undir brattri fjallshlíð. Tveir úr hópnum bárust með flóðinu og grófst annar upp að mitti en hinn grófst á um 2 metra dýpi. Búið var að bjarga báðum aðilum úr flóðinu nokkrum mínútum eftir að flóðið féll og engan sakaði. Flóðið féll í um 800 m hæð og SA-viðhorfi. Flekinn sem féll var þunnur en tungan hrannaðist upp og var rúmir tveir metrar á þykkt.
54877	23.1.2019	2	V	-	-	Flekaflóð féll við Jarlhettur þegar þremur vélsleðum var ekið um bratt gil. Ökumaður eins sleðans virkjaði snjóflóðabakpoka og grófst ekki en sleðinn grófst í flóðið.
54914	26.1.2019	3	V	1100	SV	Stórt flekaflóð féll í SV-hlíðum Laufafells að Fjallabaki þegar nokkrum vélsleðum var ekið upp bratt gil. Einn sleði grófst í flóðið en ökumaðurinn náði að kasta sér af sleðanum og úr flóðinu og varð ekki meint af.
54995	17.2.2019	2,5	T	-	NV	Snjótroðari setti af stað nokkuð stórt flekaflóð í krikanum við gamla Breiðabliksskálann í Bláfjöllum. Flóðið fór af stað í NV-vísandi hlið
55059	2.3.2019	1,5	S	-	0	Maður á skíðum setti af stað flekaflóð í kúptri N-vísandi hlið Mannshryggs þegar hann var að kanna stöðugleika snævarins.
55056	5.3.2019	2	V	-	-	Flekaflóði fór af stað í Karlsárdal á Tröllaskaga rétt eftir að annar af þremur vélsleðum kom upp bratt gil og upp á fjallsbrún. Einn maður á sleða neðar í brekkunni náði með naumindum að aka frá flóðinu en lenti í jaðri þess og barst stuttan spöl án þess að grafast.
55068	8.3.2019	1,5	S	545	SV	Skíðamenn settu lítið flekaflóð af stað í 5–600 m hæð og í SV-vísandi hlið í Fljótum.

Framhald á næstu síðu

Nr.	Dags.	St.	Ors.	Hæð	Vh.	Lýsing
55069	8.3.2019	1,5	S	545	SV	Skíðamenn settu lítið flekaflóð af stað í 5–600 m hæð og í SV-vísandi hlí í Fljótum.
55074	9.3.2019	1	S	-	NV	Skíðamaður setti lítinn fleka af stað í NV-vísandi hlíð í nágreppi Ólafsfjarðar. Flóðið fór af stað með fjarbroti í 30 m fjarlægð.
55072	9.3.2019	2,5	S	-	SV	Skíðamenn settu flekaflóð af stað í SV-vísandi hlíð þegar þeir voru að skinna upp austurhrygg Hrafnaskálar í Ytrárdal við Ólafsfjörð.
55066	10.3.2019	1,5	V	-	V	Sleðamenn settu af stað þunnt flekahlaup í V-hlíðum Mófells við Hungurfit á S-Fjallabaki. Annað svipað flóð féll á sama tíma og þriðja stuttu seinna sem var lítið.
55067	10.3.2019	1,5	V	-	V	Sleðamenn settu af stað þunnt flekahlaup í V-hlíðum Mófells við Hungurfit á S-Fjallabaki. Annað svipað flóð féll á sama tíma og þriðja stuttu seinna sem var lítið.
55075	10.3.2019	1	V	-	-	Sleðamenn settu af stað lítinn fleka í gili í V-hlíðum Mófells við Hungurfit á S-Fjallabaki. Tvö stærri flóð féllu skömmu áður á sama stað.
55079	11.3.2019	2	J	-	-	Nokkuð þykkt flekahlaup féll í Tindfjöllum á milli Haka og Rauðuskálar, líklega undan jeppum. Brotstál var um 1 m þykkt og 50 m breitt en flóðið rann stutt.
55093	13.3.2019	2	S	-	S	Tveir erlendir ferðamenn á skíðum lentu í snjóflóði innarlega í Eyjafjardardal, líklega á milli Klifsár og Svínár. Flóðið kom vestanmegin úr dalnum og bar annan manninn austur yfir ána. Hinn maðurinn gat þá farið á snjóbrú yfir til félaga síns og aðstoðað hann úr flóðinu en fljótlega á eftir ruddi áin sig og urðu þeir þá strandaglópar á milli vatnsfalla og kölluðu eftir aðstoð.
55105	16.3.2019	1	S	650	V	Lítið flekaflóð féll undan skíðamönnum í V-vísandi hlíð, rétt undir fjallsbrún Mærðarhorns við Bolungarvík.
55100	16.3.2019	2,5	V	-	NV	Sleðamaður setti af stað flóð í NV viðhorfi í Hádegisfjalli á Lágheiði. Sleðamaðurinn náði að keyra út úr flóðinu og varð ekki meint af. Brotstálið um 50 m á breidd og flóðið um 150 m langt.
55130	23.3.2019	1	S	600	V	Skíðamenn settu af stað flóð með fjarbroti í V-vísandi brekku í um 600 metra hæð í hlíðum Ósbrekkufjalls við Ólafsfjörð. Mennirnir voru í um 100 m fjarlægð frá upptökum flóðsins.
55133	23.3.2019	2	V	-	S	Vélsleðamenn settu snjóflóð af stað í S-vísandi brekku í Ytrarfjalli en varð ekki meint af.
55141	23.3.2019	2	V	720	-	Vélsleði setti flekaflóð af stað í um 700 m hæð við Ásavík skammt frá Dalvík. Flekinn rann hægt og ekki hlaust tjón af.
55143	23.3.2019	1	V	-	-	Spýja féll undan vélsleða í Ytra-Holtsdal skammt frá Dalvík.
55145	23.3.2019	2	V	-	V	Vélsleði setti flekaflóð af stað í V-vísandi brekku í Reykjadal á Lágheiði.
55154	30.3.2019	2	V	-	-	Vélsleðamenn settu af stað um 80 cm þykk fleka í Árdal skammt frá Ólafsfirði.


Framhald á næstu síðu

Nr.	Dags.	St.	Ors.	Hæð	Vh.	Lýsing
55162	2.4.2019	2,5	S	650	-	Maður á fjallaskiðum setti allstórt flekaflóð af stað í um 650 m hæð í Sandfelli í Örfæfaveit. Barst maðurinn með flóðinu en endaði í jaðri þess og grófst ekki. Hann hlaut minniháttar áverka.
55161	2.4.2019	2	S	-	S	Lítið flekaflóð féll undan skiðamanni á skiðasvæðinu í Tungudal við Ísafjörð. Flóðið féll á þekktum flóðastað í ótroðinni brekku innan við Sandfellslyftu.
55235	2.4.2019	1	S	-	S	Litill fleki brotnaði undan skiðamanni á skiðasvæðinu í Tungudal við Ísafjörð. Flekinn féll í gili neðan við sneiðinginn að Miðfellslyftu í S-vísandi brekku. Sama dag settu skiðamenn af stað annað flekaflóð, heldur stærra en þetta, á þekktum flóðastað örlítið utar.
55169	4.4.2019	2	S	-	-	Mörg vot lausaflóð féllu í Arnfinnsfjalli við Ólafsfjörð. Sum flóðanna féllu undan skiðamönnum.
55176	6.4.2019	2,5	V	-	-	Vélsleðamenn settu flekaflóð af stað á Lágheiði.
55178	6.4.2019	2,5	V	-	-	Vélsleðamenn komu af stað flóði í Strangalækjarskál í Skiðadal. Brotstálið var um 60 cm hátt og um 200 m breitt. Sleðamennirnir náðu að keyra út úr flóðinu og sakaði ekki.
55175	6.4.2019	1,5	V	-	-	Vélsleðamaður settu af stað lítið flekaflóð í Kálfsárdal og sprengdi út loftpúðapoka sinn. Engin meiðsl eða tjón á sleða.


3.6 Snjódýptarmælingar

Snjódýpt er mæld í hlíðum ofan bæja þar sem snjóflóð geta ógnað byggð. Um er að ræða lóðréttu snjósöfnun sem lesin er af stikum sem komið er fyrir í hlíðum ofan bæjanna. Lesið er af stikum á u.þ.b. tveggja vikna fresti en oftast er þörf á. Að neðan eru snjódýptarlínurit frá Ísafirði, Siglufirði og Neskaupstað sem gefa ágætis mynd af snjósöfnun vetrarins. Í viðauka I eru einnig línurit frá öllum þeim stöðum þar sem snjódýpt er lesin af stikum.


Snjór byrjaði að safnast í fjöll í október en svo tók við hlýtt veður í nóvember og snjó tók upp. Í lok nóvember og byrjun desember jókst snjódýpt lítillega á Vestfjörðum og Norðurlandi en öllu meira á Austfjörðum. Snemma í desember hlýnaði á öllu landinu og var nánast óslitinn hlýindakafli fram í miðjan janúar. Mikið tók upp af snjó á Austfjörðum á þessum tíma en á Vestfjörðum og Norðurlandi stóð snjódýpt í stað. Hlýindakafllinn í febrúar, sem kom af stað krapaflóðahrinu þann 23.2. á Austfjörðum, kemur vel fram á snjódýptarlínuritum frá Neskaupstað en þar var lesið af stikum strax í kjölfarið á hlýindunum. Í byrjun mars var snjódýpt aftur orðin jafn mikil eða meiri en fyrir krapaflóðahrinuna. Snjódýpt náði hámarki um miðjan mars en vorið kom snemma og snjó fór að taka upp jafnt og þétt strax um mánaðarmótin mars/apríl og orðið snjólaust á mörgum stikum um miðjan apríl.



Mynd 3. Snjódypt í Seljalandshlíð í Skutulsfirði veturinn 2018–2019. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 4. Snjódypt ofan Siglufjarðar veturinn 2018–2019. Hæð stika ofan sjávarmáls er tilgreind aftan við stikunafn.



Mynd 5. Snjódýpt í Tröllagili ofan Neskaupstaðar veturinn 2018–2019. Hæð stika er tilgreind aftan við stikunafn.

4. Helstu snjóflóð vetrarins

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir nokkrum markverðum flóðum vetrarins. Margir ólíkir þættir eru skoðaðir til að meta hvort flóð telst markvert. Flóð sem valda eignatjóni eða slysum á fólki teljast alltaf markverð. Stórt snjóflóð þarf hinsvegar ekki endilega að teljast markvert ef það fellur í þekktum snjóflóðafarvegi þar sem stór snjóflóð eru tíð. Snjóflóð sem fellur á óvenjulegum stað gæti hinsvegar talist markvert þó að það sé ekki stórt. Hverju flóði fylgir kort sem sýnir útlínur eða staðsetningu flóðsins ef útlínur eru ekki til.

- Útlínur snjóflóða mældar
- Útlínur snjóflóða öruggar
- - - Útlínur snjóflóða óvissar
- - - - Útlínur snjóflóða ónákvæmar


Mynd 6. Mismunandi nákvæmni á útlínum snjóflóða.

Veðuraðdragandi snjóflóðanna var skoðaður eins og hann mældist á sjálfvirkum veðurstöðvum. Fyrir hvert flóð eru línurit sem sýna hitastig, uppsafnaða úrkomu, vindhraða og vindátt dagana áður en flóðið féll. Valdar voru veðurstöðvar sem eru næstar umræddum flóðum til þess að fá sem besta mynd af veðuraðdragandanum. Veðurstöðvarnar gefa þó aðeins vísbendingar um veðrið á þeim stað þar sem snjóflóðið féll vegna áhrifa frá landslagi, fjarlægð veðurstöðva frá viðkomandi flóði o.fl. Landslag og fjöll hafa einnig mikil áhrif á úrkomu og má gera ráð fyrir að úrkoma hafi verið talsvert meiri á upptakasvæðum flóðanna en línuritin sýna. Ef nákvæm tímasetning er til fyrir tiltekið flóð er það teiknað sem græn lóðrétt lína. Ef nákvæm tímasetning er ekki til, er tímabilið sýnt sem grænt bil.

4.1 Selabólsurð í Önundarfirði

Númer	51804	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarstaður.	10 m y.s.
Dags	30.11.2018	Stærð	3	Meðalþykkt tungu	1 m
Tími	19:24	Upptök	720 m y.s.	Breidd tungu	300 m

Stórt snjóflóð féll yfir Flateyrarveg þar sem hann liggur um Selabólsurð. Fimm manneskjur í tveimur bílum voru á leið til Flateyrar og lentu báðir bílarnir í flóðinu. Fremri bíllinn með karlmanni, konu og 4 mánaða barni barst um 20 m með flóðinu, valt á hliðina og endaði hálfur á kafi í snjó. Ökumaður bílsins komst með fjölskyldu sína út um hliðarrúðu á bílnum. Kona og tveggja ára barn voru í aftari bílnum sem lenti í jaðrinum á flóðinu og ýttist niður í vegkant. Allir sluppu ómeiddir úr flóðinu.




Flóðið kom úr Urðarskál og sást greinilegt brotstál efst í ytri vanga skálarinnar. Flóðið fór yfir veginn yst og innst en fyrir miðju tók gryfja ofan við veginn megnið af flóðasnjónum. Snjóflóðakeilur eru einnig neðan við gilið sem geta stöðvað smærri flóð og hafa þær ásamt gryfjunni eflaust dregið úr krafti flóðsins áður en það fór yfir veginn.

Tvö flóð til viðbótar féllu úr Urðarskál í febrúar þennan vetur. Seinna flóðið féll þann 9. og fór yfir veginn og í sjó fram. Vegurinn var opinn þegar flóðið féll og þurftu bílar að bíða sitthvorum megin við flóðtunguna á meðan vegurinn var opnaður.

Veðuraðdragandi

Þann 27.11 snerist vindur í A–NA átt og tók að hvesa. Næstu þrjá sólahringa var hvöss NA-átt, um og yfir 20 m/s á Þverfjalli og hríðarveður á Vestfjörðum. Lítið mældist í úrkomumæla á Ísafirði og Súðavík en öllu meira á Flateyri þar sem uppsöfnuð úrkoma voru tæpir 20 mm á tveimur og hálfum sólarhring. Talsvert söfnunarsvæði er á Kirkjubólshjalli og þegar snjóar í hvassri NA-átt getur skafið mikið í Urðarskál.



Mynd 7. Veðuraðdragandi snjóflóðsins úr Urðarskál sem fór yfir Flateyrarveg



Mynd 8. Bílarnir tveir sem lentu í flóðinu úr Urðarskál 30. nóvember.




Mynd 9. Urðarskál séð frá Holtsbryggju. Bílarnir sem lentu í flóðinu voru neðan við innstu keilurnar lengst til hægri á myndinni. Mynd: Ragnar Þrastarson

4.2 Skíðasvæðið í Oddsskarði


Númer	54861	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarstaður.	550 m y.s.
Dags	6/7.12.2018	Stærð	2,5	Meðalþykkt tungu	1,2 m
Tími		Upptök	700 m y.s.	Breidd tungu	100 m

Flekaflóð féll ofan við Sólskinsbrekku í Oddsskarði og á stjórnhús barnalyftunnar. Húsið eyðilagðist og færðist um 70 m niður brekkuna með flóðinu. Skíðasvæðið var lokað þegar flóðið féll og enginn á svæðinu. Upptök flóðsins voru ofarlega í brattri en stuttri hlið með SV-lægt viðhorf. Brotstálið var um 150 m breitt og lá neðan kletta og eftir fjallsbrúninni. Neðar í brekkunni teygði brotstálið sig áfram um 50 m til SV. Flóðið var rúmlega einn metri á þykkt og um 1,7 m þar sem það var þykkast. Allmörg snjóflóð féllu um svipað leyti í Norðfirði og Seyðisfirði.




Veðuraðdragandi

Þann 6.12 snerist vindur úr SA-átt yfir í A-ANA átt og hlýnaði um nokkrar gráður. Seinni partinn þann 6.12 og aðfaranótt 7.12 var slydda/rigning á láglendi en snjókoma til fjalla. Á Seyðisfirði var sólhringsúrcoma frá hádegis þann 6. til hádegis þann 7. um 130 mm og í Neskaupstað var hún um 90 mm. Vindur á Fjarðarheiði fór í ANA 20 m/s á þessu tímabili og nokkra gráðu frost. Mesta úrkoman var norðarlega á Austfjörðum.



Mynd 10. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Oddsskarði.



Mynd 11. Byrjendalyftan í Oddsskarði og útlínur flóðsins sem tók lyftuhúsið. Blái feringurinn sýnir hvar húsið var fyrir flóð.




Mynd 12. Lyftuhúsið barst um 70 m með flóðinu.

4.3 Vörðufell í Tindfjöllum


Númer	54911	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarstaður.	700 m y.s.
Dags	20.1.2019	Stærð	2	Meðalþykkt tungu	
Tími	13:15	Upptök	800 m y.s.	Breidd tungu	20 m

Tveir lentu í snjóflóði í SA-hlíðum Vörðufells í Tindfjöllum þegar hópur fólks var á fjallamennskunámskeiði. Fólkið var á göngu til vesturs neðan við bratta fjallshlíð suðaustan við Vörðufell og var að fíkra sig til upp á lágan hrygg vestan við brekkuna. Þegar nánast allur hópurinn var kominn framhjá brekkunni og upp á hrygginn, féll flóðið með fjarbroti fyrir ofan tvo úr hópnum. Báðir lentu í flóðinu og grófst annar upp að mitti en hinn grófst um 2 metra undir snjónum. Allir í hópnum voru með nauðsynlegan snjóflóðabúnað (skóflu, ýli og stöng) og hófst skipulögð snjóflóðaleit þegar í stað. Sá sem grófst upp að mitti náði að losa sig sjálfur en hinn var staðsettur með ýlaleit um 1,5 m innan við flóðtunguna. Það tók aðeins nokkrar mínútur að grafa einstaklinginn upp sem var með meðvitund og slasaðist ekki. Flóðið var ekki stórt og féll í um 800 m hæð og SA-viðhorfi en tungan hrannaðist upp og var rúmir tveir metrar á þykkt.



Veðuraðdragandi

Lítill snjór var í Tindfjöllum þegar flóðið féll og víða berir melar en gamlir harðfennisskaflar voru í lautum og giljum. Lítillsháttar úrkoma mældist á Sámstöðum daginn áður og í Tindfjöllum snjóaði einnig um nóttina. Um kvöldið þann 19. snerist í SV-strekking með skafrenningi sem hélt áfram fram eftir degi þann 20. Þegar flóðið féll hafði snjór safnast hlémegin í gil og í lautir. Ekki eru til gögn um vind frá veðurstöðinni í Tindfjöllum daginn sem flóðið féll en grafið sýnir vind á Búrfelli um 30 km norðar.



Mynd 13. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Vörðufelli í Tindfjöllum 20. janúar.



Mynd 14. Myndin er tekin skömmu eftir að flóðið féll úr Vörðufelli í Tindfjöllum. Brotstálið sást rétt fyrir neðan hrygginn. Ljósmynd: Páll Ágúst Þórarinsson.




Mynd 15. Einn úr hópnum grófst um 2 metra undir snjó. Hér má sjá holuna skömmu eftir að einstaklingurinn var grafinn upp. Ljósmynd: Páll Ágúst Þórarinsson.

4.4 Hólakotsdalur á Höfðaströnd

Númer	54955	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarstaður.	60 m y.s.
Dags	9/10.2.2019	Stærð	3	Meðalþykkt tungu	
Tími		Upptök	660 m y.s.	Breidd tungu	145 m


Stórt snjóflóð féll úr Hólakotsdal á Höfðaströnd og stöðvaðist á aurkeilunni undir gilinu í um 60 m hæð og um 160 m suðaustan við sumarbústað sem er utarlega á keilunni.

Ábúandi á Engihlíð á Höfðaströnd taldi flóðið hafa fallið aðfaranótt sunnudagsins 10. febrúar en svolítið hafði snjóað í flóðið þegar það sást á sunnudeginum. Hátt brotstál var efst upp undir brún í Hólakotsdal og snjór fyllti gilið. Flóðið hefur farið hratt þar sem hlíðarnar voru skrapaðar talsvert hátt upp beggja vegna í gilinu og flóðið reif með sér grjót og jarðveg á leiðinni.



Veðuraðdragandi

Hvöss A–NA átt var frá 8. til 10. febrúar með dimmum éljum á köflum. Vindur fór yfir 20 m/sek á Bæjarfjalli og víða á Vegagerðarstöðvum á svæðinu og frost um og yfir 10 stig. DagaNA á undan var búinn að vera NA éljagangur.



Mynd 16. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Hólakotsdal á Höfðaströnd.



Mynd 17. Horft upp Holakotsdal. Flóðið náði langleiðina niður á flatann fyrir neðan aurkeiluna. Ljósmynd: Elvar Jóhannsson.




Mynd 18. Þykkt brotstál var rétt neðan við efstu fjallsbrún. Minni flekar losnuðu einnig neðar í gílinu. Ljósmynd: Elvar Jóhannsson.

4.5 Sörlagil, Norðfjarðarvegur


Númer	54938	Tegund	Þurrt flekaflóð	Stöðvunarstaður.	150 m y.s.
Dags	9.2.2019	Stærð	3	Meðalþykkt tungu	1 m
Tími		Upptök	800 m y.s.	Breidd tungu	150 m

Stórt snjóflóð féll úr Sörlagili og yfir Norðfjarðarveg við gangamunna Norðfjarðarganga. Flóðið féll á varnargarðinn ofan við veginn og nokkuð yfir hann. Austasti hluti tungunnar náði lengst og stöðvaðist um 35 m fyrir neðan veg en þar var flóðið ekki þykkt og mest snjóflóðakögglar. Flóðið fór út fyrir varnargarðinn að austanverðu og var breidd tungunnar á veginum um 60 m og þykktin um 1 m. Greinilegt brotstál undir klettum bæði austan og vestan við gilið. Flóðið reif upp girðingar á aurkeilunni neðan við gilið.



Veðuraðdragandi

Þann 6. febrúar snerist vindur úr A-átt í NA-átt. NA-átt var dagana 7–10. febrúar og hiti í kringum frostmark á láglandi og snjóaði í byggð. Úrkoma í Neskaupstað frá 6. til 10. var um 50 mm. Vindur á Fjarðarheiði þessa daga var NA 10–18 m/s og á Gagnheiði var NA 15–30 m/s.




Mynd 19. Veðuraðdragandi snjóflóðsins í Oddsskarði.

4.6 Borgeyrará í Mjóafirði


Númer	55037	Tegund	Krapaflóð	Stöðvunarstaður.	0 m y.s.
Dags	23.2.2019	Stærð	2,5	Meðalþykkt tungu	-
Tími	16:30	Upptök	330 m y.s.	Breidd tungu	-

Krapaflóð kom í Borgareyrará í Mjóafirði og út í sjó í Inn-Þorpinu. Flóðið byrjaði sem krapa- og vatnsflóð en ofan við Miðfoss kom aur og drulla í flóðið. Gilið er um 10–15 m djúpt og skvettist flóðið upp undir brún víða í beygjum. Á eyrinni fylltist árfarvegurinn af krapa, aur og grjóti þannig að flóðið braust upp úr farveginum. Flóðið flæddi m.a. inn í bílskúr austan ár og um 25 cm af aur og drullu kom í kjallara í Sandhúsi. Flóðið fór inn í hlöðu neðan við Höfðabrekku og skemmdist eitthvað af heyi og lítillsháttar flæddi inn í Sæból. Stífla fyrir vatnsvirkjun í Borgeyrará fór í flóðinu. Sæból, Sandhús og Höfðabrekka eru sumarhús og dvaldi engin í húsunum þegar flóðið féll. Í húsunum Borg og Eyri l búr fólk en þau hús eru vestast á eyrinni og stafaði ekki hættu af flóðinu.



Veðuraðdragandi

Fyrri hluti febrúarmánaðar var kaldur á Austurlandi en svo hlýnaði eftir miðjan mánuðinn. Dagana 15–21. febrúar sveiflaðist hiti í kringum frostmark á láglendi og snjóaði þá í fjöll en um kvöldið þann 21. hlýnaði mikið, sumstaðar um 10–12 gráður. Með hlýindunum fór að rigna upp í fjallahæð og aðfaranótt 23.febr var talsverð úrkoma á öllu Austurlandi.



Mynd 20. Veðuraðdragandi krapaflóðsins í Borgeyrará í Mjóafirði. Gröfin sýna uppsafnaða úrkomu í Neskaupstað, snjódýpt í Drangagili og lofthita í Drangagili. Drangagil er í 560 m hæð y.s.



Mynd 21. Mikið af aur og grjóti barst með krapaflóðinu í Borgeyrará og fyllti farveginn á eyrinni.



Mynd 22. Horft yfir Inn-Þorpið í Mjóafirði og upp í Brekkudal. Sjá má hvernig krapaflóðið hefur skvest upp gilbarminn í Borgeyrará og skilið eftir aur og drullu neðst við eyrina.

Heimildir

Snjóflóðagagnasafn Veðurstofu Íslands.

Bloggsíða snjóflóðavaktar VÍ: <http://blog.vedur.is/snjoflod/>

Trausti Jónsson (2019). Tíðarfarsyfirlit 2018 og 2019. Sótt 10.09.2019 af

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2018>

<http://www.vedur.is/vedur/vedurfar/manadayfirlit/2019>

Snjóflóðatilkynningar: <https://www.facebook.com/groups/129168050599372/>

Fréttavefur Fréttablaðsins:

<https://www.frettabladid.is/frettir/tjon-a-farsimamistoe-vodafone-i-vestmannaeyjum/>

Fréttavefur MBL:

https://www.mbl.is/frettir/innlent/2018/11/12/mikid_sjonarspil_i_heimakletti/

Fréttavefur RÚV:

<http://www.ruv.is/frett/aurskrida-fell-yfir-heimreidina>. Sótt 18.11.2018.

Lögreglan á Vestfjörðum:

<https://www.facebook.com/804745209660178/photos/a.857869824347716/1458607230940636/?type=3&theater>

Fréttavefur Vísis:



<https://www.visir.is/g/2018181139856/-hrikalegt-ad-finna-snjoflodid-taka-bilinn-med-ser->




<https://www.visir.is/g/2019190319359/snjoflodid-bar-annan-skidamanninn-yfir-eyjafjardara>

Viðauki I. Snjódýptarmælingar




Línrit fyrir allar snjódýptarmælingar sem lesnar voru af stikum veturinn 2018–2019.

Snjódýpt Vestfjörðum














Snjódýpt á Tröllaskaga



Snjódýpt á Austfjörðum







Viðauki II. Stærðarflokkun snjóflóða

Í gagnasafni Veðurstofu Íslands er stærð snjóflóða skráð skv. flokkun sem er upprunnin í Kanada. Flokkunin byggir fyrst og fremst á áhrifum flóðs, og það hefur verið lítillega staðfært. Í flokkuninni er einnig gefinn dæmigerður massi flóðs í hverjum flokki í tonnum.

Flokkur	Lýsing	Massi
1	Spýja, sem varla getur grafið mann (en það getur skapast hættu vegna falls)	10 tonn
2	Snjóflóð sem getur grafið mann	100 tonn
3	Snjóflóð sem getur grafið og eyðilagt fólksbíl, grafið vörubíl, skemmt hús eða eyðilagt minni byggingar	1000 tonn
4	Snjóflóð sem getur eyðilagt nokkur hús	10.000 tonn
5	Stærstu snjóflóð, geta eyðilagt mörg hús	100.000 tonn

Viðauki III. Skráð snjóflóð veturinn 2018–2019

Skýringar við annál

Annállinn inniheldur öll snjóflóð sem voru skráð í gagnagrunn Veðurstofunnar veturinn 2018–2019. Í annálnum er að finna nokkrar helstu breytur úr gagnagrunninum og eru þær útskýrðar nánar hér.

Farvegur: Öll flóð eru skráð í fyrirfram skilgreinda farvegi.

Dagsetning: Oftast er um nákvæma dagsetningu að ræða en stundum er ekki vitað nákvæmlega hvenær flóðið féll og er þá líklegasta tímabilið skráð.

Númer: Öllum flóðum er gefið auðkennisnúmer.

Tegund: S=ótilgreind tegund snjóflóðs; L=lausasnjóflóð; F=flekaflóð; K=krapaflóð. Ef stafirnir „F“ og „L“ hafa lágvísinn „v“ (t.d. „Fv“) þá er um vott flóð að ræða, annars þurrt.

Stærð: Snjóflóð eru flokkuð í stærðir með hliðsjón af kanadíska flokkunarkerfinu. Stærðarflokkarnir eru frá 1–5. Stærri flóð en 4 eru mjög sjaldgæf.

Lengd/breidd/dýpi: Lárétt lengd flóðsins frá upptökum til stöðvunarpunkts, meðalbreidd tungu og meðaldýpi í tungu (táknað „Le/Br/Dp“ í töfluhátt og gefið upp í metrum).

Skráð snjóflóð veturinn 2018/2019

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Reykjavík og nærsveitir					
Stór hvílt efst í Eldborgargili	6/7.10.2018	54807	F / 3	270 / – / –	Stórt snjóflóð féll úr hvíltinni efst í Eldborgargili í Bláfjöllum. Tunga flóðsins náði niður yfir gömlu skíðaleiðina í botni Eldborgargils.
"Þrengslin", sá staður við göngubrautina sem oftast hleypur	6/7.10.2018	54808	F / 2		Snjóflóð féll við Þrengslin í Bláfjöllum.
Bláfjöll, utan skíðasvæðis	6/7.10.2018	54809	S / 1		Nokkrar spýjur féllu í Bláfjöllum.
Bungan frá Sólskinsbrekku að Gosanum	29.1.2019	54921	F / 1	– / 30 / –	Lítið flekaflóð féll úr fjallsbrúninni á Suðursvæðinu í Bláfjöllum. Flóðið féll á milli barnalyftunnar og stólalyftunnar og stöðvaðist í miðri hlíð fjærri troðnum leiðum.
Mosfellsbær	29–31.1.2019	55180	S / 1		Lítið flóð féll í vesturhlíð Mosfells.
Úlfarsfell, suðvestur	4.2.2019	54927	F / 1		Lítill og þunnur fleki féll í vestur hlíðum Úlfarsfells eftir A-skafrenning.
Esja	4.2.2019	54928	F / 1	– / 40 / –	Lítið flekaflóð féll rétt sunnan við Klébergslæk við Kjalarnes.
Mosfell - vestur	4.2.2019	54929	F / 2	– / 190 / –	Lítið flekaflóð féll í vesturhlíðum Mosfells í Mosfellsbæ.
Móskarðshnúkar	4.2.2019	54930	F / 2		Flekaflóð féll í Móskarðshnúkum.
Bláfjöll - skíðasvæði	17.2.2019	54995	F / 2.5		Snjótroðari setti af stað nokkuð stórt flekaflóð í kríkanum við gamla Breiðabliksskálann í Bláfjöllum. Flóðið fór af stað í NV-vísandi hlíð.
Bláfjöll og nágrenni	17.2.2019	54996	F / 1		Spýjur féllu úr hlíðinni undir Hákolli.
Móskarðshnúkar	17.2.2019	55009	F / 1		Lítið flekaflóð féll í gili innan við Móskarðshnúka.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Kjós	17/18.2.2019	55008	F / 1.5		Flekaflóð féll í Kiðafelli í Kjós.
Hengill	18.2.2019	55010	F / 1		Lítið flekaflóð féll í norðanverðum Grafningi, rétt austan við Nesjavelli.
Hengill	18.2.2019	55011	Fv / 1		Spýjur féllu í giljunum austur af Sköflungi.
Svæðið milli Eldborgargíls og Draumadalss, undir Hákolli	19.3.2019	55122	F / 1		Nokkrar spýjur félli í Hátindi og Draumadalsgili í Bláfjöllum.
Esja	18/19.3.2019	55120	F / 1		Spýja féll á gönguleiðinni uppá Þverfellshorn.
Bláfjöll og nágrenni	26.3.2019	55138	K / 1		Krapaflóð féll úr lágu felli á milli Eldborgargíls og Drottningargíls.
Esja	3–5.4.2019	55179	S / 1		Spýja féll í vestanverðu Þverfellshorni.
Esja	4/5.4.2019	55171	L / 1		Yfirborðsspýjur sáust í Esju.
Borgarfjörður					
Akrafjall	7/8.2.2019	54939	F / 2		Flekaflóð féll í suðurhlíðum Akrafjalls. Upptök flóðsins voru rétt undir fjallsbrún og náði tungan niður á flatann.
Snæfellsnes					
Hnappadalur	9.2.2019	55005	F / 1		Border Collie tók grófst í snjóflóði sem féll þegar hengja brast í 15–20 m háu barði. Tíkin gróf sig heljarlanga leið út úr flóðinu eftir 6 daga dvöl í snjónum.
Helgafellssveit	25.3.2019	55137	KR / 1.5	– / 10 / 0.5	Krapaflóð féll vestanmegin í Álftafirði.
Reykholasveit					
Gilsfjörður, norðanverður	8.2.2019	54954	F / 2.5	– / 300 / –	Breitt snjóflóð féll í Múlahyrmu fyrir ofan bæinn Gilsfjarðarmúla. Syðsti hluti tungunnar fór yfir veg og stöðvaðist um 80 m frá bænum. Bærinn er kominn í eyði.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Króksfjarðarnes og nágrenni	11/12.2.2019	54971	F / 2	– / 50 / 0.7	Snjóflóð féll í Merkjagili ofan við Litlu-Brekku í Geiradal og breiddi úr sér á aurkeilunni neðan við.
Reykhólasveit	16/17.2.2019	55019	F / 1.5		Lítið flekaflóð féll í Múlanum ofan við bæinn Fremri Gufudal.
Patreksfjörður					
Vatneyri	7.11.2018	54840	Lv / 1		Nokkrar spýjur féllu í Skálinni ofan Vatneyrar.
Geirseyrargil	25.1.2019	54912	F / 2	300 / – / –	Snjóflóð féll úr austurvæng Geirseyrargils.
Ofan Sigtúns	25.1.2019	54913	F / 2	300 / – / 0.2	Snjóflóð féll í hlíðinni austan við Geirseyrargil.
Vatneyri	28/29.1.2019	54920	F / 2		Lítið snjóflóð féll í Brellum.
Vatneyri	6.2.2019	54935	L / 1.5		Nokkur spýjur féllu í skálinni ofan Vatneyrar.
Vatneyri	14.2.2019	54980	F / 1		Spýja féll í Brellum.
Vatneyri	17.2.2019	55015	F / 2		Snjóflóð féll á Vatneyri sem stöðvaðist um 100 m ofan við gamla varnargarðinn.
Vatneyri	20.2.2019	55021	Fv / 2		Þrjú vot flekaflóð féllu undir neðstu klettum á Vatneyri í hláku.
Patreksfjörður, utan þéttbýlis					
Raknadalshlíð	6.2.2019	54932	F / 1.5		Spýja féll innan við Bakkaendagilin á Raknadalshlíð sem stöðvaðist um 50 m ofan við veg.
Raknadalshlíð	6.2.2019	54933	F / 2		Snjóflóð féll á Raknadalshlíð sem stöðvaðist um 30 m ofan við veg.
Raknadalshlíð	6.2.2019	54934	F / 1.5		Snjóflóð féll á Raknadalshlíð ofan við Selið.
Raknadalshlíð	6.2.2019	54936	F / 1		Spýja féll á Raknadalshlíð í fyrstu gjótunni utan við Bakkaendagilin.
Raknadalshlíð	11/12.2.2019	54979	S / 1.5		Spýjur féllu við Bakkaendagil í Raknadalshlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Raknadalshlíð	16/17.2.2019	55016	F / 2		Snjóflóð féll innan við Þúfneyri á Raknadalshlíð og stöðvaðist í vegkanti.
Raknadalshlíð	17.2.2019	55017	F / 1.5		Nokkur lítil flóð féllu rétt niður úr klettum í Raknadalshlíð.
Raknadalshlíð	17.2.2019	55018	F / 2	– / – / 0.3 ^v	Snjóflóð lokaði veginum um Raknadalshlíð, innan við Bakkaendagilin. NA stormur með skafrenningi en lítilli úrkomu var þegar flóðið féll.
Arnarfjörður					
Hrafnseyrarheiði, Arnarfjarðarmegin	25.10.2018	55002	S / 2	– / 20 ^v / 1 ^v	Snjóflóð lokaði veginum um Hrafnseyrarheiði. Flóðið féll rétt sunnan við háheiðina í Skipadal og var um 1520 m breitt og 1 m þykkt á veginum. Talsverður N-skafrenningur var þegar flóðið féll en úrkomulaust. Nokkrir bílar þurftu að bíða á meðan moksturstæki þurfti að koma á staðinn og opna veginn.
Dýrafjörður					
Gemlufell	6.2.2019	54931	F / 1		Spýja féll í Gemlufelli.
Gemlufell	17.2.2019	55014	F / 1.5		Spýja féll utan við Glórugil.
Hjarðardalshlíð	20.2.2019	55020	F / 1.5	– / 100 / –	Flekaflóð féll fyrir ofan Fremstuhús og stöðvaðist um 100 m ofan við efstu girðingu.
Hrafnseyrarheiði, Dýrafjarðarmegin	18.3.2019	55107	Fv / 2	– / 150 / 1 ^v	Snjóflóð féll á veginn yfir Hrafnseyrarheiði og urðu ferðalangar á bíl innlyksa á heiðinni. Vegurinn var lokaður fyrir umferð þegar flóðið féll. Flóðið var um 150 m á breidd og 3 m þykkt á veginum þar sem það var þykkast.
Önundarfjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Selabólsturð, undir Urðarskál	30.11.2018	51804	F / 3	1520 / 300 / 1	Stórt snjóflóð féll úr Urðarskál og yfir Flateyrarveg. Fimm manneskjur í tveimur bílum voru á leið til Flateyrar og lentu í flóðinu. Fremri bíllinn með manni, konu og 4 mánaða barni barst um 20 m með flóðinu og stöðvaðist hálfur á kafi og á hlið. Aftari bíllinn með konu og 2 ára barni ýttist niður í neðri vegkant. Allir sluppu ómeiddir úr flóðinu.
Selabólsturð, undir Urðarskál	1.2.2019	54922	F / 2.5	– / 140 / –	Flekaflóð féll í Urðarskál og stöðvaðist á snjóflóðakeilunum ofan við veginn.
Selabólsturð, undir Urðarskál	9.2.2019	54937	F / 3	1540 / 200 / 1	Stórt snjóflóð féll úr Urðarskál og yfir Flateyrarveg. Vegurinn var opin þegar flóðið féll og komu bílar að flóðinu bæði utan og innan að. Lítil úrkoma var þegar flóðið féll en talsverður NA skafrenningur í fjallatoppum.
Hólsfjall	17.2.2019	55007	F / 2		Snjóflóð féll úr hjallanum utan við Kaldá og niður á láglendi.
Selabólshlíð, fyrir ofan Selakirkjuból	21.2.2019	55033	L / 1	– / 15 / –	Spýja féll í Selabólshlíð.
Bjarnadalur	21.2.2019	55035	Fv / 1		Spýja féll í Bjarnadal.
Flateyri					
Skollahvilt	28.11–1.12.2018	54896	F / 2	– / 25 / –	Snjóflóð féll í Skollahvilt líklega 30.11 í NA-hvassviðri og ofankomu.
Ytra-Bæjargil	8–10.2.2019	55006	F / 2		Snjóflóð féll í Ytra-Bæjargili utan við Flateyri. Flóðið stöðvaðist ofan við vegslóðann sem liggur upp í Klofningsdal.
Súgandafjörður					

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Súgandafjörður norðanverður	30.11–1.12.2018	54849	F / 1		Nokkur lítil flekaflóð féllu rétt fyrir neðan fjallsbrúnir í norðanverðum Súgandafirði.
Súgandafjörður norðanverður	30.11–1.12.2018	54850	F / 2		Snjóflóð féll milli Botns og gangamunnans í Súgandafirði. Tungan var efnislítill en náði niður á túnið í dalbotni.
Bolungarvík, utan þéttbýlis					
Hádegisfjall - gil nr.1	8.3.2019	55062	F / 1		Lítið flekaflóð féll í Hádegisfjalli í vestur vísandi hlíð eftir austan skafrenning.
Hádegisfjall - gil nr.4	13.3.2019	55086	F / 2		Flekaflóð féll í gili 4 í Hádegisfjalli sem náði rétt út úr gilkjaftri.
Mærðarhorn	16.3.2019	55105	F / 1		Lítið flekaflóð féll undan skíðamönnum í V-vísandi hlíð, rétt undir fjallsbrún Mærðarhorns við Bolungarvík.
Mærðarhorn	21.3.2019	55121	F / 1.5		Lítið flekaflóð féll í efstu brúnum Mærðarhorns.
Heiðnafjall	4.4.2019	55167	Lv / 1		Vot spýja féll í Heiðnafjalli.
Ísafjörður					
Utan flugstöðvar	28.10.2018	54838	L / 1		Nokkrar spýjur féllu utan flugstöðvar.
Kirkjubær	15/16.11.2018	54842	Fv / 1.5	– / 20 / –	Þrjár votar spýjur féllu ofan við Kirkjubæ á Innri Kirkjubólshlíð. Uppþök flóðanna voru í fjallsbrún og stöðvaðist ein spýjan í um 50 m y.s.
Funi	30.11–1.12.2018	54848	F / 2	– / 100 / 0.5	Snjóflóð féll ofan við Funa á Innri Kirkjubólshlíð. Tungan var þunn en náði niður á flatann og stöðvaðist um 50 m ofan við varnargarðinn við Funa.
Funi	11.12.2018	54889	F / 1	– / 40 / –	Spýja féll ofan við Funa.
Ytri-Kirkjubólshlíð	11.12.2018	54890	F / 1		Spýjur féllu í þremur giljum á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Innan flugstöðvar	2.1.2019	54902	F / 1		Spýja féll í Innri-Kirkjubólshlíð.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Funi	1/2.1.2019	54903	F / 2	– / 30 / –	Snjóflóð féll ofan við Funa sem stöðvaðist í um 30 m y.s.
Ofan flugstöðvar	2.1.2019	54904	L / 1		Tvær spýjur féllu ofan flugstöðvar á Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð	19.1.2019	54868	Lv / 1		Nokkar spýjur féllu í giljum á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Utan flugstöðvar	19.1.2019	54869	Lv / 1		Vot spýja féll á Innri-Kirkjubólshlíð.
Innan flugstöðvar	19.1.2019	54870	Lv / 1.5		Vot spýja féll í Innri-Kirkjubólshlíð.
Fossahlíð	19.1.2019	54874	Lv / 1		Fimm spýjur féllu í Fossahlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð 9	29.1.2019	54916	F / 1		Spýja féll í farvegi 9 á Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð 12	29.1.2019	54917	F / 1		Spýja féll í farvegi 12 á Kirkjubólshlíð.
Ytri-Kirkjubólshlíð 14b	29.1.2019	54918	F / 1		Spýja féll í farvegi 14b á Kirkjubólshlíð.
Utan flugstöðvar	29.1.2019	54919	F / 1		Spýja féll utan við Flugstöð á Kirkjubólshlíð.
Seljalandsdalur	8/9.2.2019	54960	F / 2		Flekaflóð féll í Seljalandsdal.
Ytri-Kirkjubólshlíð	20.2.2019	55024	L / 1		Nokkrar spýjur féllu í giljum á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Kirkjubær	20.2.2019	55025	F / 1		Spýja féll ofan við Kirkjubæ.
Kirkjubær	20.2.2019	55026	F / 1		Spýja féll í Innri-Kirkjubólshlíð, ofan við Kirkjubæ.
Ytri-Kirkjubólshlíð 11	8.3.2019	55060	F / 1	– / 15 / –	Spýja féll í Ytri Kirkjubólshlíð sem stöðvaðist í um 80 m y.s.
Funi	2/3.8.2019	55077	F / 1		Lítið flekaflóð féll ofan við Funa.
Funi	8.3.2019	55071	S / 1		Spýja féll fyrir ofan Funa.
Seljalandsdalur	13.3.2019	55094	L / 1		Spýja féll í Seljalandsdal.
Ytri-Kirkjubólshlíð	18.3.2019	55106	Lv / 1		Nokkrar spýjur féllu úr giljum á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Engidalur	29/30.3.2019	55153	F / 2.5		Flekaflóð féll inn í botni Engidals eftir SV-áttir.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tungudalsbotn	2.4.2019	55161	F / 2		Lítið flekaflóð féll undan skíðamanni á skíðasvæðinu í Tungudal við Ísafjörð. Flóðið féll á þekktum flóðastað í ótroðinni brekku innan við Sandfellslyftu.
Tungudalsbotn	2.4.2019	55235	F / 1		Lítill fleki brotnaði undan skíðamanni á skíðasvæðinu í Tungudal við Ísafjörð. Flekinn féll í gili neðan við sneiðinginn að Miðfellslyftu í S-vísandi brekku. Sama dag settu skíðamenn af stað annað flekaflóð, heldur stærra en þetta, á þekktum flóðastað örlítið utar.
Dagverðardalur	3/4.4.2019	55174	Lv / 1.5		Lítið vott lausaflóð féll í Dagverðardal.
Karlsárgil	4.4.2019	55170	L / 1		Spýja féll í Karlsárgili.
Ytri-Kirkjubólshlíð 12	6.4.2019	55173	Lv / 1	- / 20 / -	Vot spýja féll í farvegi 12 á Ytri-Kirkjubólshlíð.
Naustahvilt	12.4.2019	55181	Fv / 2		Flekaflóð féll í Naustahvilt þegar hengja hrundi úr fjallsbrúninni.
Kubbi	13.4.2019	55187	Lv / 1		Lítill spýja féll milli efstu og næst efstu grind upptakastoðvirkja í Kubba.
Innan flugstöðvar	13.4.2019	55186	Fv / 2.5		Vott flekaflóð féll frá fjallsbrún í Innri-Kirkjubólshlíð og stöðvaðist á miðri aurkeilunni neðan við gilið.
Naustahvilt	14.4.2019	55188	S / 1		Hengja hrundi í Naustahvilt.
Innan flugstöðvar	14.4.2019	55189	Lv / 1		Lítill spýja féll innan flugstöðvar.
Sunnanvert Ísafjarðardjúp					
Súðavíkurhlíð, utan byggðarinnar	21.3.2019	55119	F / 2		Snjóflóð féll á veginn um Súðavíkurhlíð og lokaði veginum.
Súðavíkurhlíð, Djúpagil (vegagerðarfarvegur 22)	28.3.2019	55148	F / 1		Spýja féll í Djúpagili.
Súðavíkurhlíð, Fjárgil (vegagerðarfarvegur 21)	2.4.2019	55159	F / 2	- / 10 ^v / 1 ^v	Snjóflóð lokaði veginum um Súðavíkurhlíð. Flóðið var um 10 m breitt og 1 m á þykkt á veginum.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Skagafjörður					
Viðvíkursveit	6.3.2019	55057	F / 1		Spýja féll í Viðvíkursveit.
Tröllaskagi					
Almenningar	9.10.2018	54817	F / 1		Snjóflóð féll í vesturhlíð Torfnafjalls.
Fljót	9.10.2018	54813	F / 1.5		Snjóflóð féll úr Hraunamúla niður í Torfdal í Fljótum.
Höfðadalur	29.11–3.12.2018	20718	L / 2		Nokkur lítil snjóflóð féllu í giljum Höfðadals að norðanverðu niður í miðja fjallshlíð.
Brúarlandshlíð	29.11–3.12.2018	20719	S / 1.5		Snjóflóð féll í Brúarlandshlíð, 2. gili austan við Grindaskálar.
Ausa ofan Krosshryggs	29.11–3.12.2018	20720	S / 1.5		Snjóflóð féll í Óslandshlíð norðan Krosshryggs.
Mánátskriður	15.1.2019	54857	F / 1.5	– / – / 1.5 ^v	Snjóflóð féll á veginn um Mánátskriður og lokaði veginum. Flóðið var um 1,5 m þykkt á vegi þar sem það var þykkast.
Illagil í Árfjalli (Merkjagil)	10.2.2019	54956	F / 3		Snjóflóð féll í Illagili í Árfjalli og breiddi úr sér á aurkeilunni undir gilinu.
Brekknafjall	9/10.2.2019	54974	F / 2		Snjóflóð féll í Brekknafjalli beint ofan Litlu-Brekku.
Ósland-Kross	9/10.2.2019	54975	F / 2		Snjóflóð féll í Óslandshlíð sunnan og ofan Marbælis.
Bæjargil	9/10.2.2019	54977	F / 2		Snjóflóð féll í Bæjargili ofan Miklabæjar í Óslandshlíð.
Hólakotsdalur	9/10.2.2019	54955	F / 3	– / 145 / –	Stórt snjóflóð féll úr Hólakotsdal og stöðvaðist á aurkeilunni undir gilinu í um 60 m hæð, 160 m SA við sumarbústað sem er NV á keilunni.
Barð	9/10.2.2019	54972	F / 1.5		Lítið snjóflóð féll í gildragi Barðs með viðhorf til NA.
Barð	9/10.2.2019	54973	F / 1.5		Lítið snjóflóð féll í gildragi Barðs með viðhorf til NA.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Brúarlandshlíð	9/10.2.2019	54976	F / 2	– / 30 / –	Snjóflóð féll í Brúarlandshlíð næsta gili framan við Bæjargil ofan Brúarlands.
Fljót	6/7.3.2019	55065	F / 1.5		Þrjú lítil flekafloð féllu í fjöllum nálægt Deplum í Fljótunum.
Fljót	8.3.2019	55068	F / 1.5		Skíðamenn settu lítið flekafloð af stað í 5600 m hæð og í SV-vísandi hlí í Fljótum.
Fljót	8.3.2019	55069	F / 1.5		Skíðamenn settu lítið flekafloð af stað í 5600 m hæð og í SV-vísandi hlí í Fljótum.
Móafellsdalur	10–15.3.2019	55209	F / 1.5		Þunnt flekahlaup féll í vesturvísandi botni Móafellsdals.
Stífla	13.3.2019	55097	F / 1		Lítið flekafloð féll í vestur vísandi brekku í Fljótum.
Hamarshyrna (Hrafnahnjúkur)	14.3.2019	55096	F / 2.5		Flekafloð féll vestantil í Hrafnahnjúki.
Hólakotsdalur	15.3.2019	55111	F / 2.5		Snjóflóð féll ofan við botn Hólakotsdals og stöðvaðist í dalbotninum.
Fljót	12–15.3.2019	55099	F / 2		Flekafloð með talsverða útbreiðslu féll í vestur vísandi brekku í Fljótum.
Deildardalur	mars/apríl 2019	55221	F / 2		Mjög breitt flekahlaup féll undan klettum í vestanverðum botni Deildardals og stöðvaðist í brekkurótum.
Kolbeinsdalur	mars/apríl 2019	55222	F / 2.5	– / – / 1.5	Tvö myndarleg flekahlaup í botni Skíðadals að vestan með þykka tungu.
Tröllaskagi	mars/apríl 2019	55224	F / 2		Myndarlegt brotstál sást uppi í austurvísandi gili á Hörgárdalsheiði.
Fljót	18/19.4.2019	55192	Fv / 1		Nokkur flekafloð féllu í N- og A-viðhorfi í Fljótum.
Tröllaskagi	23.4.2019	55193	Fv / 1.5		Vot spýja féll á Tröllaskaga.
Hamarshyrna (Hrafnahnjúkur)	26.4.2019	55194	Fv / 1		Vot spýja féll í Hamarshyrnu.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Tröllaskagi	26/27.4.2019	55195	Lv / 1.5		Vott lausaflóð féll á Tröllaskaga.
Tröllaskagi	15/16.5.2019	55168	Fv / 1.5		Vott flekaflóð féll á NA-verðum Tröllaskaga.
Tröllaskagi	15/16.5.2019	55200	Fv / 1.5		Vott flekaflóð féll á NA-verðum Tröllaskaga.
Tröllaskagi	16.5.2019	55201	Lv / 1.5		Votar lausaflóðsspýjur féllu víða á NA-verðum Tröllaskaga.
Siglufjörður					
Sunnan Fífladala	9.10.2018	54818	F / 1.5		Snjóflóð féll sunnan Fífladala og stöðvaðist rétt ofan við slóðann sem liggur neðan við Fífladalabrúnina.
Jörundarskál	9.10.2018	54819	F / 2		Snjóflóð féll sunnan til í Jörundarskál.
Ytra-Strengsgil	3–7.3.2019	55198	S / 2		Snjóflóð féll í Ytra Strengsgili.
Siglufjörður, utan þéttbýlis					
Skútudalsbotn	9.10.2018	54824	F / 1		Spýja féll í Skútudalsbotni.
Hvítabergsgil	9.10.2018	54820	K / 1.5		Spýjur féllu neðan kletta og úr giljum í Setanum og úr Hvítabergsgili.
Norðan við Grashólabrún (gamli Stórsvigsbakki)	9.10.2018	54821	F / 1.5		Snjóflóð féll úr Grashólabrún og stöðvaðist um 50 m ofan við veginn upp að skíðasvæðinu í Skarðsdal.
Skútudalur, vestanverður	9.10.2018	54823	K / 1		Margar votar spýjur með mold og grjóti og blautum snjó féllu úr flestum giljum Hólshymu.
Dísan	9.10.2018	54825	L / 1.5		Spýjur féllu í Dísunni.
Pallahnjúkur	9.10.2018	54826	F / 1.5		Spýjur féllu bæði til suðurs og norðurs undan klettum í Pallahnjúki.
Hestskarð	9.10.2018	54827	F / 1.5		Margar spýjur féllu undir Hestskarði og suður í Pallahnjúk.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Skollaskál og Staðarhólsströnd	9.10.2018	54829	L / 1		Nokkrar spýjur féllu í Skollaskál.
Kálfsdalur	9.10.2018	54830	F / 2		Flekaflóð féll í Kálfsdal.
Hestskarðshnjúkur	9.10.2018	54828	F / 1.5		Margar spýjur féllu í Hestskarðshnjúki.
Klettahnjúkur (Skarðshnjúkur)	9.10.2018	54822	F / 2		Nokkuð breitt flekaflóð féll í Klettahnjúki vestan við T-lyftuna á skíðasvæðinu í Skarðsdal.
Norðan Siglufjarðarskarðs	10–12.2.2019	54983	F / 1		Spýja féll úr klettum.
Norðan við Grashólabrún (gamli Stórsvigsbakki)	2–4.3.2019	55058	F / 1		Spýja féll norðan við Grashólabrún.
Illviðrishnjúkur, tindur	4–6.3.2019	55197	F / 1.5		Lítið snjóflóð féll í fyrsta gili innan við Stórsvigsbakka.
Klettahnjúkur (Skarðshnjúkur)	21–23.3.2019	55127	L / 1		Nokkrar lausaflóðsspýjur féllu í SV-skaftenningi.
Siglufjörður, utan þéttbýlis	6.6.2019	55210	Lv / 1		Nokkur votar spýjur féllu í fjöllum umhverfis Siglufjörð í hlýndum og sólríkju. Stærsta flóðið féll í Skollaskál.
Héðinsfjörður					
Steinsskál	25.3.2019	55142	Fv / 3		Stórt flekaflóð féll í Steinsskál í Héðinsfirði.
Ólafsfjörður, utan þéttbýlis					
Arnfinnsfjall	21.9.2018	54791	Lv / 1		Spýja féll í Arnfinnsfjalli.
Arnfinnsfjall	9.10.2018	54607	L / 1		Spýja féll í Arnfinnsfjalli.
Ósbrekkuufjall - öxl	9.10.2018	54811	L / 1		Spýja féll í öxl Ósbrekkuufjalls.
Ólafsfjarðarmúli, Ólafsfjarðarmegin	8/9.10.2019	54812	L / 1		Spýja féll í Ólafsfjarðarmúla.
Ytrafjall	26.10.2018	54834	F / 1.5		Snjóflóð féll í fyrsta gílinu innan við Hrafnaskál sem stóðvaðist um 50–70 m neðan við gilið.

Staður/farvegur	Dagsetning	Númer	Tegund/ stærð	Lengd/Br/Dýpt (m)	Aðrar upplýsingar
Hrafnaskál	7.12.2018	54856	Fv / 2.5		Snjóflóð féll í gilinu austan við Hrafnaskál.
Ytrafjall	1.2.2019	54924	F / 1.5		Nokkrir litlir flekar féllu í fjallsbrúnum Ytrafjalls og Arnfinnsfjalls.
Ósbrekkufjall 9	2.2.2019	54923	F / 1.5		Lítið flekaflóð féll í Ósbrekkufjalli.
Brimnesdalur, austur	12/13.2.2019	54970	F / 2	- / 10 / -	Brostál sást sunnan við Gvendarskál í Múlakollu.
Ytrafjall	17/18.2.2019	55012	F / 2.5		Flekaflóð féll í suður vísandi hlíð eftir norðan áhlaup.
Lágheiði-austur	17-20.2.2019	55199	F / 1.5	- / - / 0.2	Þunnur fleki brást við SV-vísandi stallbrún í um 700 m hæð.
Ólafsfjarðarmúli 4	20.2.2019	55030	F / 1.5		Snjóflóð stöðvaðist aðeins fyrir neðan gamla veginn um Ólafsfjarðarmúla.
